Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Allt um opnun Bolungarvíkurganga

5 694110 023513

Fimmtudagur
30. september 2010
39. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Ljósmyndunin leiðir mig í ævintýri

Í miðopnu er spjallað við ljósmyndarann Ágúst Atlason sem nýlega skellti sér í krefjandi Grænlandsferð þrátt fyrir að læknar hefðu spáð því að slík ævintýri væru útilokuð fyrir hann vegna slæms fótbrots. Með brennandi áhugann á ljósmyndun að leiðarljósi hefur Ágúst ratað í ýmis ævintýri sem hann deilir með lesendum Bæjarins besta.

3 dagar í Reykjavík
Gisting & Bíll
48.000
Tveggja manna herbergi og Toyota Yaris
Hótel Adam, Skólavörðustíg 42
adam@adam.is



| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |
EIMSKIP
Yfir hafið og heim

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri og Kristján L. Möller aðstoðuðu Ögmund Jónasson samgönguráðherra við að klippa á borðann.

Bolungarvíkurgöng opnuð

Hátíðarstemmning ríkti er Bolungarvíkurgöng voru formlega opnuð fyrir umferð á laugardag. Ögmundur Jónasson, samgönguráðherra naut aðstoðar Kristjáns L. Möller, forvera síns, er hann klippti á borða og opnaði göngin Bolungarvíkurmegin. Ögmundur óskaði eftir því að Kristján tæki þátt í opnuninni enda hefði hann verið samgönguráðherra þegar framkvæmdirnar hófust fyrir rúmum tveimur árum og hefði meiri reynslu í verkum sem þessum. Að því loknu ók löng bílalest í gegnum göngin yfir í Hnífsdal. Þar mættust bæjarstjórarnir í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ og voru göngin í kjölfarið tekin formlega í notkun fyrir umferð í báðar áttir.

„Það er ótrúlega mikil ánægja sem fylgir því að keyra í gegnum Bolungarvíkurgöng. Við getum sagt að við séum búin að bíða eftir göngum í mjög langan tíma því Óshlíðin var auðvitað aldrei fullnægjandi samgöngutæki. Það er gríðarleg ánægja sem fylgir þessu og það er það fyrsta sem slær mann," sagði Elías Jónatansson bæjarstjóri Bolungarvíkur í samtali við mbl.is.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar tók undir með kollega sínum og bætti við: „Það er erfitt að gera sér grein fyrir því hversu mikil áhrif göngin munu hafa. Nú verður þetta innanbæjarakstur alla leið ef svo má segja og ég held að þetta sé skref í ferli sem við sjáum ekki alveg fyrir endann á. Ég reikna með að þetta muni styrkja svæðið til mikilla muna og samvinnan á milli bæjanna verður miklu meiri," sagði Daníel í samtali við mbl.is.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, þingmenn og Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri voru meðal þeirra sem voru viðstaddir opnunina en fjölmenni var saman komið til að fagna opnun þessa langþráða samgöngumannvirkis sem leysir af hólmi hættulegan veg um Óshlíð þar sem ofanflóð eru tíð.

Ólafur Ragnar tjáði mbl.is að hann hafi lengi stefnt að því að vera viðstaddur þegar göngin yrðu opnuð. „Ég og Kristján L. Möller ræddum um það fyrir löngu síðan að þetta væri stór stund fyrir okkur öll sem eigum rætur hér fyrir vestan. Þess vegna er það mér mikið gleðiefni að vera hér í allan dag og taka þátt í þessum fjölþættu hátíðahöldum. Þetta skiptir líka miklu máli fyrir þjóðina, vegna þess að þrátt fyrir að byggðalögin séu aðskilin, þá erum við samt sem áður ein þjóð," sagði hann í samtali við mbl.is í Bolungarvík. – *thelma@bb.is*

Löng bílaröð beið Bolungarvíkur megin eftir því að keyra í gegnum göngin.

Við óskum Vestfirðingum til hamingju með Bolungarvíkurgöng

ÓSAFL

Langþráður draumur Vestfirðinga er nú orðinn að veruleika með opnun Bolungarvíkurganga. Heildarlengd ganganna er 5,4 km og í tengslum við þau hafa verið lagðir nýir vegir og brýr. Framkvæmdir við verkið hófust í maí 2008 og lýkur nú með opnun ganganna.

Við óskum Vestfirðinginum innilega til hamingju með þessa samgöngubót.

Mynd: Halldór Sveinbjörnsson

BM·VALLÁ
HLAÐBÆR COLAS
RAFSKAUT ehf
VESTFIRSKIR VERKTAKAR
vaXon.is
Gisti- og veitingastaður
Aðalstræti 9, Bolungarvík
Marti Contractors Ltd.
Civil Engineering & Managing Services
ÍAV

Minnisvarði um ástvini afhjúpaður

Minnisvarði um ástvini sem farist hafa af slysförum var afhjúpaður við Skarfasker í Hnífsdal á laugardag. Afhjúpun hans var liður í dagskrá vegna opnunar Bolungarvíkurganga en ráðist var í uppsetningu minnisvarðans að tillögu Albertu Gullveigar Guðbjartsdóttur, þáverandi formanns Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði. „Ég lagði þetta til sem fulltrúi unga fólksins þegar slegið var í gegn í göngunum. Mjög vel var tekið í tillöguna og allir sem komu að þessu sýndu mikinn samhug og voru mjög hjálpsamir við að láta þetta verða að veruleika," segir Alberta.

Fjöldi manns var saman kominn er minnisvarðinn var afhjúpaður með viðhöfn. Þrjár ungar stúlkur úr MÍ sungu Sofðu unga ástin mín og Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar fór með ávarp. Að því loknu afhjúpaði Alberta minnisvarðann og fór með ljóðið sem letrað er á hann en það er Hlustaðu á ljósið eftir Njörð P. Njarðvík. Þá lagði Daði Már Guðmundarson, núverandi formaður NMÍ, blómsveig við varðann. Séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á Ísafirði blessaði varðann. Jón Sigurpálsson listamaður á Ísafirði hannaði minnisvarðann. – *thelma@bb.is*

Sunna Karen Einarsdóttir, Kristín Ósk Sigurjónsdóttir og Agnes Marzellíusardóttir sungu við afhjúpun minnisvarðans.

Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir afhjúpaði varðann.

Fjölmenni var viðstatt athöfnina.

Jarðgöng í smækkaðri mynd

Sýningin „Frá vegi til ganga" var opnuð í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík á laugardag í tengslum við opnun Bolungarvíkurganga. Að sögn Þorleifs Eiríkssonar, forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrugripasafns Bolungarvíkur, heppnaðist sýningin gríðarlega vel.

„Það komu um 80 manns á opnunina og svo yfir 150 manns eftir hádegi. Það verður að teljast mjög gott að fá vel yfir 200 manns á einum degi." Um er að ræða sýningu um aðdraganda byggingar og jarðfræði Bolungarvíkurganga. Er þar að finna veggspjöld, steina og myndir um margvíslegt efni tengt Óshlíðinni og jarðgöngunum.

Mesta athygli vakti eftirgerð jarðganga sem menn geta gengið um og skoðað myndir, myndband og fleira tengt byggingu Bolungarvíkurganganna. Göngin eru gerð úr efni úr sjálfum Bolungarvíkurgöngunum. Voru þau opnuð með pompi og prakt þar sem klippt vará borða, rétt eins og hin raunverulegu göng væru um að ræða. Sýningin er sett upp í samstarfi Ósafls, Vegagerðarinnar, Náttúrugripasafnsins og Náttúrustofu Vestfjarða. Að sögn Þorleifs heppnaðist samstarfið afar vel.

Fjölmenni var við opnun sýningarinnar.

Enginn aðgangur verður að sýningunni út vikuna og gefst því áhugasömum kostur á að skoða aðdraganda Bolungarvíkurganga í boði Bolungarvíkurkaupstaðar. Að vikunni lokinni stendur sýningin áfram en selt verður inn.

– *thelma@bb.is*

KJARNAFÆÐI

Nú klæðum við áleggið okkar í gull
...því það á það svo sannarlega skilið

25 ÁRA

Veldu gæði, veldu Kjarnafæði

„Djúpið mun leggjast í eyði“

„Þetta er afskaplega leiðinleg og sár þróun, byggðin er að leggjast eyði,“ segir Sigurjón Samúelsson, bóndi á Hrafnabjörgum í Laugardal um byggðina í Ísafjarðardjúpi. Hann segir miklar breytingar hafa orðið á byggðinni og nú séð fyrirséð að hún muni leggjast alfarið af í náinni framtíð.

„Það er fátt fólk sem eftir er og íbúarnir eru líka allir orðnir fullorðnir. Allt félagslíf er fyrir bí. Ég er búinn að búa hérna í fimmtíu ár, geri aðrir betur.“ Sigurjón segir að það verði mikill missir þegar byggðin hefur lagst af eins og honum sýnist vera óhjákvæmilegt. „Þetta er vissa og við höfum ekki áhyggjur yfir því,“ segir hann aðspurður hvort Djúpmenn séu uggandi yfir þróuninni.

„Ég hef heyrt að sveitarstjórinn í Súðavíkurhreppi hafi bara áhuga á að hafa hér einhverja sumarbústaðabyggð, en hvernig verður það á veturna þegar fólk á hér leið um og allt er í eyði. Ég hef stundum þurft að hjálpa fólki þegar það hefur lent í ógöngum vegna snjóa og fleira.“

Sigurjón segist ekki hafa mikið álit á frístundabúskap, ferðaþjónustu bænda eða Melrakkasetri. „Rebba er slétt sama þótt það sé búið að gera eitthvað refasetur. Allan þann tíma sem ég hef búið hér hef ég aldrei getað sannað að tófan hafi tekið af mér lamb.“

– thelma@bb.is

Spurningin

Hvað finnst þér að nýju jarðgöngin ættu að heita?
Alls svöruðu 1.151.
Bolungarvíkurgöng sögðu 203 eða 18%
Óshlíðargöng sögðu 948 eða 82%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt og vætusamt, einkum suðaustanlands, en úrkomulítið fyrir norðan. Áfram milt í veðri. **Horfur á laugardag:** Aust-læg átt og vætusamt, einkum suðaustanlands, en úrkomulítið fyrir norðan. Áfram milt í veðri.**Horfur á sunnudag:** Aust-læg átt og vætusamt, einkum suðaustanlands.

Setlög sem leysast upp í vatni

„Í verki sem þessu er mesta óvissan með jarðgangahlutann. Það veit enginn fyrir víst hvað leynist undir yfirborðinu. Við þekkjum betur aðstæður til að byggja vegskála, brýr og leggja vegi að göngunum,“ segir Rúnar Ágúst Jónsson, staðarstjóri Ósafls í samtali við mbl.is en starfsmenn fyrirtækisins lentu í seinunnum setlögum við gerð Bolungarvíkurganga. Erfitt var að styrkja veggi og loft á köflum, með hefðbundnum aðferðum.

Í ljós kom að þetta voru lög af leir sem leysist upp í vatni. Til að leggja áherslu á mál sitt sýndi Rúnar blaðamanni hvað gerist þegar moli af þessu bergi er settur í vatnsglas. Það byrjar að freyða um leið og leirinn leysist upp á undraskömmum tíma. „Það útskýrði margt þegar við uppgötvuðum þetta,“ segir Rúnar og segir að það hafi hjálpað þeim að komast í gegn um setlögin.

Starfsmenn Ósafls notuðu járnboga til að styrkja bergið á þessum stöðum. Hefur því farið meiri vinna og efni í styrkingar en reiknað var með. Rúnar Ágúst segir að verkið hafi tafist um sex mánuði af þessum sökum en þeim hafi tekist að vinna hluta tafanna upp. Einar Hrafn Hjálmarsson, aðstoðarverkefnastjóri hjá Ósafli, segir í samtali við blaðið að ekki sé óvanalegt að við gangagerð komist menn í tæri við setlög úr leir, hins vegar hafi verið óvenjulegt á hve skömmum tíma umræddur leir leystist upp í vatn.

Sextíu til níutíu starfsmenn Ósafls og undirverktakar hafa unnið við jarðgöngin á hverjum tíma. Ósafl fór þá leið að ráða sem mest af starfsfólki af svæðinu og leita einnig til undirverktaka þar.„Hér eru öflugir undirverktakar sem hafa staðið sig vel,“ segir Rúnar Ágúst í samtali við mbl.is. Undirverktakar við borun og sprengingar í göngunum komu frá Slóvakíu, fyrirtækið Tucon. *– thelma@bb.is*

Hnúfubakur merktur í Ísafjarðardjúpi

Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum gert tilraunir með að skjóta gervitunglasendum í hvali. Markmið verkefnisins er að kanna ferðir skíðishvala við landið og far þeirra frá íslenskum hafsvæðum á haustin. Undirlok síðasta mánaðar var merkjum skotið í tvo hnúfubaka í Ísafjarðardjúpi og hafa þegar borist um gervitungl upplýsingar um ferðir annars þeirra. Sá hvalur var merktur um sex sjómílum norðaustan við Ísafjörð og var hann í slagtogi við annan hnúfubak, en a.m.k. fimm hnúfubakar voru á svæðinu. Eins og í fyrri rannsóknum var merkjunum skotið úr sérútbúinni loftbyssu. Notuð var ný gerð merkja sem, auk þess að gefa upplýsingar um staðsetningu hvalsins, skráir þrýsting á hverjum tíma og fást þannig upplýsingar um köfunarhegðun dýrsins. Hægt að fylgjast með ferðum hvalsins á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar. – thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Við svo búið varð ekki unað

Fram að þeim tíma er vélbátaútgerð hófst á Vestfjörðum var um tvennt að velja fyrir Bolvíkinga til að komast til Ísafjarðar, hvort heldur var í neyðartilfellum eða ekki, hvort heldur var í blíðskapar veðri að sumri til eða náttmyrkri og vetrarhríð: fara gangandi um Óshlíð eða á árabáti. Hvoru tveggja seinfarin og áhættusöm för. Með tilkomu trillubátanna varð algengt að falast væri eftir fari þegar spurðist að bátsferð félli inn eftir, eins og það var kallað.

Með vaxandi byggð og umfangsmiklu atvinnulífi varð æ ljósara að með einhverju móti yrði að rjúfa einangrunina sem Bolvíkingar höfðu búið við frá upphafi byggðar. Á þessum tíma var eðlilegt að horft væri til vegar um Óshlíð þótt ekki væri vegstæðið árennilegt. Sú varð niðurstaðan og vorið 1946 var hafist handa og 12. október 1949 ók fyrsti bíllinn frá Ísafirði til Bolungarvíkur. Þar sat undir stýri Sigurður Bjarnason frá Vigur og með honum voru Hannibal Valdimarsson, Aðalbjörn Pétursson og Einar Guðfinnsson. Vissulega mikil tímamót. Formleg vígsla vegarins fór fram 26. ágúst 1950.

Óshlíðin var áfram söm við sig. Bílaöldin fékk þar ekki um bætt. Öryggisnet voru sett upp og vegskálar byggðir, tvíbreiður, malbikaður og upplýstur vegur kom í stað malarvegar með útskotum. En þrátt fyrir allt steðjuðu hættur að; björg hrundu úr klettabeltum, aurskriður og snjóflóð tepptu veginn og ógnuðu vegfarendum og ágeng brimaldan svarf úr undirstöðu vegstæðisins. Fyrirséð var að baráttan fyrir öryggi vegfarenda og viðhaldi vegar yrði endalaus. Við svo búið varð ekki unað.

Krafan um jarðgöng varð æ háværari. Eftir talsverðar bollaleggingar og margar útfærslur á leiðavali varð niðurstaðan ein jarðgöng frá Ósi í Bolungarvík til Hnífsdals. Í stuttu máli: Langþráður draumur um öruggar samgöngur milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar hefur ræst. Laugardagurinn 25. september 2010 markar, þrátt fyrir allt sem áunnist hefur á undanförnum árum, stærstu tímamótin í samgöngumálum á Vestfjörðum.

Vandi fylgir vegsemd hverri. Ofmetnumst ekki af því sem við nú höfum. Gleymum aldrei þeirri ábyrgð sem fylgir því að setjast undir stýri á bifreið. Öryggi umferðar um göngin er í höndum ökumanna.

Hjartanlega til hamingju Bolvíkingar og Vestfirðingar allir með þetta glæsilega mannvirki, sem vonandi markar upphaf að ásættanlegum samgögnum innan alls fjórðungsins; einni af megin forsendum þess að Vestfirðir nái aftur þeirri stöðu að þangað verði almennt horft.

———

Það var við hæfi á hátíðarstundu að minnast þeirra sem lögðu upp í för um Óshlíðina en auðnaðist ekki að ná til síns heima. *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Samkaup úrval

Góðir grannar, hjartanlega til hamingju með göngin

Komið í kaffi

og gleðjumst yfir nýrri leið!

Samkaup úrval í Bolungarvík og
Samkaup úrval á Ísafirði

Jarðgöng um Óshlíð

Þróað velferðarríki á nútímavísu er algjörlega háð því að samgöngur séu greiðar, hvort sem um er að ræða dreifbýli eða þéttbýli. Góðar samgöngur eru forsenda þess að boðið sé upp á tíð samskipti fólks á afmörkuðu svæði sem stuðla að bættri afkomu og betra mannlífi.

Á landsvæði með bröttum fjöllum á milli fjarða eru samgöngur víða erfiðar. Þannig hagar til í nágrenni Ísafjarðar en þar eru þorp í hverjum firði sem lengst af voru heimur út af fyrir sig og samstarf á milli þeirra lítið. Samgöngur voru á sjó og þá fyrst og fremst til flutninga til og frá svæðinu. Með aukinni sérhæfingu í þjóðfélaginu urðu þessi þorp of lítil og nauðsynlegt að tengja þau betur saman. Vegir um snjóþung fjallaskörð eða með sjó undir bröttum hlíðum eru ekki nægilega góð tenging. Með opnun jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiði 1996 var stigið stórt skref til að tengja þorpin saman og jafnframt voru sex sveitarfélög sameinuð í eitt. En betur má ef duga skal. Með göngum á milli Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur tengjast tveir stærstu staðirnir á svæðinu en fjarlægðin á milli verður aðeins 12 km, sem er rétt eins og milli hverfa í borg.

Óshlíð

Leiðin á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar opnaðist 1950 með ruddum vegi um Óshlíð. Þrátt fyrir að um mikið stórvirki hafi verið að ræða myndi það vart vera kallaður vegur í dag. Vegurinn var þó endurbættur í nokkrum áföngum, síðast á árunum 1982 til 1989 þegar hann var lagður bundnu slitlagi og tveir vegskálar voru byggðir. Nokkru síðar voru aðrir tveir vegskálar byggðir, komið fyrir vörnum gegn grjóthruni og vegurinn upplýstur. Óshlíð hefur alla tíð haft orð fyrir að vera með varasömustu vegum landsins. Vegurinn er nú allt annar en í upphafi en með aukinni umferð og hertari kröfum um góðar og greiðar samgöngur þykir vegurinn ekki ásættanlegur kostur sem eina landleiðin til Bolungarvíkur.

Vandamálin við núverandi vegasamband eru tvenns konar; annars vegar snjóflóð, og eru þekkt rúmlega tuttugu gil sem reglulega falla snjóflóð úr, og hins vegar er um að ræða grjóthrun bæði úr bökkum í nágrenni við veginn og einnig hátt úr fjallinu. Náðst hefur mun betri árangur í að bæta öryggi gagnvart snjóflóðum en grjóthruni. Grjóthrunið nú er þó aðeins brot af því sem áður þekktist en öryggisnet hafa verið sett upp og aðrar grjóthrunsvarnir bættar. Grjóthrun sem á upptök sín uppi í klettum hefur þó reynst ómögulegt að stöðva fyrir ofan veginn. Með hlýrra veðurfari síðasta áratug hefur tíminn þegar mikil hætta er á grjóthruni einnig lengst.

Forsaga

Haustið 2005 samþykkti ríkisstjórn Íslands að veita fjármagni til gerðar stuttra jarðganga til að auka öryggi á leiðinni. Þannig háttar til á Óshlíð að hún skiptist í þrjú fjöll og eru litlir dalir á milli þeirra. Mesta grjóthrunið er næst Bolungarvík undir Óshyrnu og var hugmyndin að grafa þar rúmlega 1 km löng göng. Hófust fljótlega rannsóknarboranir og aðrar rannsóknir.

Fljótlega var einnig farið að skoða aðrar leiðir og að lokum voru skoðaðar fimm mögulegar jarðgangaleiðir, allt frá tveimur stuttum göngum á hlíðinni sjálfri til 6 km ganga úr botni Skutulsfjarðar yfir að Reiðhjallavirkjun í Syðridal í Bolungarvík. Í lok árs 2006 lá fyrir samanburðarskýrsla um leiðirnar. Vegagerðin taldi að þrjár þeirra kæmu til greina. Stystu göngin voru 3,8 km með munna á milli Ósbæjanna Bolungarvíkurmegin annars vegar og svo annan í Seljadal sem er lítill dalur nærri Hnífsdal. Þá þyrfti einnig að gera endurbætur á veginum undir Búðarhyrnu, sem er innsta fjallið á Óshlíðinni, með minnst vandamál.

Önnur leið gerði ráð fyrir 4,3 km göngum á milli Syðridals við Syðridalsvatn og Hnífsdals um 2 km inni í dalnum. Ókostirnir við þessa leið eru að þar er um að ræða snjóþunga dali og nokkur umhverfisáhrif. Leiðin sem varð ofan á í valinu gerir ráð fyrir lengstu göngunum eða um 5,4 km með munna við Ós Bolungarvíkurmegin og yst í Hnífsdal. Þannig fæst stysta leiðin á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.



Lýsing mannvirkja

Jarðgöngin eru um 5,1 km löng í bergi og heildarlengd vegskála er um 0,3 km, samtals er því um að ræða 5,4 km göng sem halla rúm 2% til beggja enda. Verkið nær ennfremur til lagningar nýs vegar fyrir neðan byggðina í Hnífsdal og vegkafla frá Ósi og inn í Bolungarvík. Byggja á tvær brýr; yfir Hnífsdalsá og Ósá í Bolungarvík. Í gegnum göngin munu liggja ýmsir strengir, m.a. 66 KV háspennustrengur sem leysir af hólmi háspennuloftlínu.

Þversnið ganganna er hringlaga og er breidd þeirra um 8,0 m í veghæð en leyfileg hæð ökutækja er 4,2 m. Hér að neðan er þversnið þessara ganga borið saman við þversnið í göngum undir Breiðadals og Botnsheiði.

Búnaður í göngum

Mikill búnaður er í göngunum til að tryggja öryggi vegfarenda.

Helstu kennitölur	
Lengd ganga í bergi	5,156 m.
Lengd vegskála í Hnífsdal	140 m.
Lengd vegskála í Bolungarvík	130 m.
Hæð munna í Hnífsdal	17,3 m.y.s.
Hæð munna í Bolungarvík	11,6 m.y.s.
Vegir í Hnífsdal	2,1 km.
Vegir í Bolungarvík	1,6 km.
Brú yfir Hnífsdalsá	8 m.
Brú yfir Ósá í Bolungarvík	32 m.
Breidd ganga í veghæð	8 m.
Mesta breidd ganga	8,7 m.
Útgrafið þversnið í göngum	54 m²
Fjöldi neyðarútskota	10
Fjöldi snúningsútskota	2
Fjarlægð milli neyðarútskota	500 m.
Fjöldi ljósastaura við vegi	174
Magn fyllingar í vegi	4600.000 m³

Búnaður í göngum	
Neyðarsímar	45 stk.
Slökkvitæki	90 stk.
Flóttaljós	86 stk.
Rafmagnsdreifiskápar	22 stk.
Skilti með fjarlægð til enda	8 stk.
Skilti við neyðarútskot	10 stk.
Önnur upplýst skilti	ca 100 stk.

Hafðu samband
sími 444 7000 • frjalsilif.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn óskar Vestfirðingum og landsmönnum öllum *til hamingju með göngin*

„Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut árið 2009 alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi“

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Bolungarvíkurgöng 2010

Kröfur til öryggisbúnaðar í göngum hafa verið auknar verulega undanfarin ár og því er gert ráð fyrir meiri öryggisbúnaði í þessum göngum en áður hefur þekkst hérlendis. Hluti af öryggiskerfinu er tölvukerfi sem safnar upplýsingum frá fjölda nema, það stjórnar blásurum og sendir út viðvaranir um hættuástand og bilanir. Neyðarsímar og slökkvitæki eru með 125 m millibili og tengd tölvukerfinu þannig að ef tekið er upp slökkvitæki eða símtól eru boð send beint til lögreglu.

Nemar eru til að mæla mengun frá umferð. Fari hún yfir ákveðin mörk fara blásarar sjálfvirkt í gang til að hreinsa loftið. Til þess að draga úr slysahættu er mjög mikilvægt að hraðatakmörk séu virt. Í göngunum verða mælar sem sýna ökumönnum á hvaða hraða þeir aka, og einnig hraðamyndavélar. Í göngunum er fjarskiptakerfi fyrir björgunaraðila, lögreglu og slökkvilið til að nota ef óhapp verður. Við gangamunna eru stjórnskápar þar sem björgunaraðilar geta í neyðartilvikum séð ástand í göngunum; mengun, lofthraða og hvort blásarar eru í gangi. Frá stjórnskápum er síðan hægt að stjórna blásurum. Utan við göngin eru einnig lokunarslár sem lokast sjálfkrafa ef mengun fer yfir viðmiðunarmörk. Lögreglan getur einnig lokað þeim með fjarstýringu og frá stjórnskápum.

Kostnaður

Kostnaður við jarðgangagerð er mikill miðað við vegagerð almennt. Kostnaður við þetta mannvirki var áætlaður um 5 milljarðar eftir að hönnun var lokið, á verðlagi í nóvember 2007. Þar af var verktakakostnaður áætlaður um 4 milljarðar. Skipta má þessum kostnaði upp á ýmsan hátt til að átta sig betur á því hvað um er að ræða. Jarðgangagröftur: Þar er um að ræða borun, sprengingar og útmokstur, einnig nauðsynlegar bergþéttingar. Styrking og vatnsklæðning: Bergið í göngunum er styrkt með boltum og sprautusteypu eftir að þau hafa verið grafin. Síðan eru þau klædd þar sem vatn vætlar úr berginu.

Vegur í göngum: Þar er innifalinn kostnaður við lögn frárennslisröra í göngin endilöng, burðarlag og malbik. Rafbúnaður í göngum: Þar er um að ræða lýsingu, loftræsiblásara, öryggisbúnað, síma og allt annað sem tengist rafmagni. Endar og skálar: Mikill kostnaður er við endana; áður en hægt er að byrja að grafa sjálf göngin eru grafnar miklar gryfjur sem kallast forskeringar, er gangagreftri er lokið eru síðan steyptir vegskálar og loks fyllt að þeim með jarðvegi.

Vegir: Það þarf að breyta vegakerfinu beggja vega við göngin. Á vegina þarf rofvörn, vegrið, lýsingu og skilti að ógleymdum sjálfum veginum með slitlagi. Undirbúningur og eftirlit: Miklar rannsóknir þarf að gera áður en hafist er handa, til þess að geta valið á milli möguleika. Boranir til að kanna jarðlög eru dýrasti hlutinn, en jafnframt þarf kortagerð, náttúrufarsskoðun og margt fleira. Þá þarf að hanna mannvirkið og skrifa útboðs- og verklýsingu og loks kemur svo eftirlit á verktíma.

Áætluð skipting kostnaðar í milljónum króna er sem hér segir: Jarðgangagröftur, 1.695 millj. (34%), styrkingar og klæðning, 1.053 millj. (21%), vegur í göngum, 352 millj. (7%), Rafmagn í göngum, 506 millj. (10%), endar og skálar, 382 millj. (8%), vegir að göngum, 528 millj. (11%), tvær brýr, 91 millj. (2%) og undirbúningur og eftirlit, 374 millj. (8%). Innifalinn er ýmiss sameiginlegur kostnaður og óvissa. Þess ber að geta að skipting kostnaðar getur verið örlítið mismunandi eftir verktökum. Lægsta tilboð í þetta verk var um 88% af verktakakostnaðinum og við það bætast einhver aukaverk, verðbætur og hugsanlega vextir.

Verkframvinda

Við val á verktaka fór fyrst fram svokallað forval, en í því er mannvirkið kynnt og tilgreint hvenær sé áætlað að útboðsgögn verði send út. Forvalið var auglýst á evrópska efnahagssvæðinu. Tilskilið var að verktakar hefðu m.a. reynslu af gangagerð og sterka fjárhagsstöðu. Fjórar verktakasamstæður uppfylltu sett skilyrði og fengu útboðsgögn afhent seint í nóvember 2007. Tilboð voru opnuð 22. janúar 2008, skrifað var undir verksamning við lægstbjóðanda 8. apríl og hófust svo framkvæmdir í maí.

Í upphafi framkvæmda þarf að grafa laust efni frá gangaendum og fyrir forskeringum. Áætlað er að sjálfur gangagröftur hefjist í ágúst 2008. Grafið verður samtímis báðum megin frá og eru algeng afköst um 50 m á viku hvoru megin. Gangagrefti gæti lokið í október 2009. Þá á eftir að ljúka styrkingum, setja upp vatnsklæðningar, leggja lagnir, ganga frá vegi og setja upp allan búnað. Verklok eru áætluð 15. júlí 2010.

Heimild: Kynningarrit Vegagerðarinnar.



Myndin sýnir langsnið, kvarði í hæð er tvöfaldur miðað við lengd. helst berglagasyrpur og halli berglaga kemur fram á myndinni. Syrpa 1er talin 15 til 20 milljón ára. gömul, elsta berg Íslands. Ofan á henni eru áberandi setbergslög sem finnast víða í ystu nesjum í nágrenninu, kennd við breiðhillu á Skagahlíðum í Dýrafirði. surtarbrandsnámur í Súgandafirði og í Bolungarvík voru í þessu lagi. Frekar erfitt er talið að grafa göng í gegn um þetta lag. Syrpa 4 sem er efst í fjallinu er talin 4 til 13 milljón ára gömul.

Óskum Bolvíkingum og öðrum Vestfirðingum til hamingju með göngin

JAKOB VALGEIR EHF
BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurgöngin

Góðir lesendur – til hamingju með Bolungarvíkurgöng.

Langþráður draumur um varanlega samgöngubót milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur hefur nú ræst. Nú þarf enginn að fara lengur um hina varasömu Óshlíð sem hefur í rúm 60 ár verið eina vegtenging Bolvíkinga við aðra landshluta.

Gerð Bolungarvíkurganga átti sér í raun ekki mjög langan aðdraganda. Árið 2005 samþykkti ríkisstjórnin að könnuð yrði gerð stuttra ganga til að komast hjá varasamasta kafla Óshlíðar með eins konar slaufu inn í fjallið og út aftur og þá átti að nota Óshlíðina áfram að hluta.

Sem betur fer var hugmyndinni breytt í að kanna alvöru göng og komu þá fimm möguleikar til greina. Niðurstaðan varð að gera þessi 5,4 km löngu göng sem nú eru orðin að veruleika og eru stysta leiðin á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

„Fyrsta sprengingin verður eins fljótt og hægt er," hafði hið ágæta blað BB eftir mér 19. júní 2007, tæpum mánuði eftir að ég tók við embætti samgönguráðherra. Í september sama ár óskaði bæjarráð Bolungarvíkur eftir fundi með mér þar sem beiðni kom fram um að könnuð yrði betur leiðin milli Syðridals og Tungudals, en margir höfðu áhuga á henni. Ég var tregur til þess en það var að lokum afráðið að velja þá leið og hefjast þegar handa með forvali og síðar útboði þetta haust.

Þessi ákvörðun er með þeim farsælustu sem ég hef tekið. Ekki það að ég hafi séð fyrir mér efnahagshrunið með þeim ósköpum sem því fylgir en mér fannst óvarlegt að hika og taka dýrmætan tíma í fleiri athuganir. Ég vildi byrja sem allra fyrst. Hversu lengi útboðið hefði frestast ef við hefðum staldrað lengur við yfir þessu er ómögulegt að vita. Tilboð í verkið voru opnuð 22. janúar 2008 og skrifað undir verksamning 8. apríl 2008, og verkið var í höfn.

Samið var við dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors frá Sviss og hófust framkvæmdir vorið 2008. Ég framkvæmdi hina ánægjulegu athöfn að sprengja fyrstu sprenginguna þann 4. september 2008 og nú, rúmum tveimur árum seinna, vígjum við göngin og tökum þau í notkun. Framkvæmd sem mun valda byltingu í samgöngum á svæðinu.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum verktökum, og þá alveg sérstaklega ÍAV og Marti Contractors, fyrir vel unnin störf á afar erfiðum tímum í íslensku þjóðlífi.

Ég held að allir sjái hvaða þýðingu Bolungarvíkurgöng hafa fyrir byggðarlögin hér. Samskipti og allt samstarf verður mun öruggara og það þarf mikið til að leiðin hér á milli lokist. Það þurfti stundum ekki mikið til þess í Óshlíðinni, duglegan rigningarkafla eða snjókomu sem gat komið grjóthruni eða snjóflóðum af stað.

Umferð á milli byggðarlaganna er mikil. Fólk sækir skóla og vinnu og rekur hin ýmsu erindi. Ég er líka sannfærður um að göngin verða til þess að fleiri aðkomumenn sækja Bolvíkinga heim. Það kann að hafa verið beygur í sumum að aka um Óshlíðina. Það verður hins vegar alltaf tiltölulega mikið staðviðri í göngunum.

Góðir lesendur. Þetta eru ánægjuleg tímamót og ég óska öllum til hamingju með þessa nýju og miklu samgöngubót. Megi blessun fylgja ferðum allra sem fara um Bolungarvíkurgöng.

Miklu og glæsilegu verki er nú lokið.

Kristján L. Möller, fyrrverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Nú kemstu örugglega í sund!

Sundlaugin er opin
Virka daga frá 16 til 21
Um helgar frá 10 til 18
Morgunsund miðvikudaga og föstudaga frá 08 til 10

Frítt í sund til 3. október

Bolungarvíkurkaupstaður

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík - Sími: 456 7381

„Frá vegi til ganga í Óshlíð“

Sýning í Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.
Safnið er opið mánudaga til föstudaga frá 9-12 og 13-17
(Hópleiðsögn í samráði við forstöðumann í síma: 456 7005)

Bolungarvíkurgöng eða Óshlíðargöng

Það eru komin jarðgöng á milli byggðarlaganna, stórvirki í samgöngum sem tengir saman Ísafjarðarbæ og Bolungarvík með öruggari og betri hætti en við höfum þekkt.

Á slíkum tímamótum kemur upp í hugann að við megum aldrei gleyma því hvernig leiðin um Óshlíð var og hverju hefur verið fórnað til að komast að og frá Bolungarvík í gegnum tíðina. Það er saga sorgar og missis. Um leið undrumst við áreiðanlega öll af hverju jarðgöng eru ekki löngu komin. En svör fást ekki við öllum spurningum og þó við fáum svörin er ekki víst að okkur líki þau. Við vitum líka að tækniframfarir í vegagerð og jarðgangagerð hafa verið miklar þannig að það sem hægt er í dag var ekki hægt fyrir ótrúlega fáum árum. Kostnaðurinn hefur lækkað samsvarandi þannig að það sem ekki var framkvæmanlegt vegna kostnaðar fyrir ótrúlega fáum árum er mögulegt í dag. Þannig er erfitt að gagnrýna ákvarðanir sem teknar voru fyrir mörgum árum um samgöngubætur, t.d. stórbætta Óshlíð með vegskálum frekar en jarðgöng. Á þeim tíma voru valkostirnir ekki þeir sömu og við göngum út frá í dag. Þetta á við um nánast alla vegagerð á Íslandi.

Í dag finnst okkur að of skammt hafi verið gengið í ýmsum framkvæmdum, sums staðar er einbreitt slitlag sem mörgum þykir verra en malarvegur. En þegar það var lagt á sínum tíma þótti okkur það samgöngubylting. Sama gildir um einbreiðar brýr. Þegar þær voru byggðar var minni umferð og aðalmálið var að brúa viðkomandi vatnsfall og bæta samgöngur. Viðmiðin breytast og áherslurnar líka. Eitt hefur þó ekki breyst og það er þörfin fyrir að við Vestfirðingar höldum áfram af fullum krafti að berjast fyrir þeim sjálfsögðu samgöngubótum sem hér vantar enn. Það var barist fyrir jarðgöngum til Bolungarvíkur, þar lögðu margir hönd á plóg og er full ástæða til að þakka öllum sem hafa lagt mikið á sig til að sjá þessa stórkostlegu samgöngubót verða að veruleika.

Þá er nokkuð ljóst að ekki mátti taka ákvörðun um jarðgöngin mikið síðar en gert var því ef við hefðum lent með þá ákvarðanatöku eftir bankahrunið 2008 hefði orðið frestun á þessari mikilvægu, já lífsnauðsynlegu framkvæmd. Sem betur fer gekk Sturla Böðvarsson frá því máli meðan hann var samgönguráðherra og Kristján L. Möller sem tók við sem ráðherra samgöngumála fylgdi málinu eftir af miklum áhuga.

Samgöngubætur hafa í för með sér bæði stækkun og smækkun samfélags. Það stækkar landfræðilega vegna þess að íbúarnir eiga auðvelt með að fara milli byggðakjarna og sækja sér þjónustu hvar sem er innan svæðisins. Norðanverðir Vestfirðir, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur og Bolungarvíkurkaupstaður eru eitt atvinnu-, menningar- og samgöngusvæði hvað þetta varðar. Auðvitað þarf að bæta samgöngur til Súðavíkur til að tengja okkur betur saman en ekki síst til að losna við umferð um Súðavíkurhlíð sem er hættulegur vetrarvegur.

Betri samgöngur hafa líka í för með sér smækkun samfélags vegna þess að þegar auðveldara er að komast á milli þjappast ýmislegt saman á færri stöðum sem áður varð að vera til staðar í byggðarlaginu. Þetta sýnir sagan okkur hvar sem er á Íslandi og erlendis líka. Okkur hættir til að berjast gegn slíkum breytingum og eyða þannig kröftum í eitthvað sem við fáum ekki breytt þegar við eigum að viðurkenna að þetta er hliðarverkun bættra samganga og nýta breytingarnar til að skapa ný tækifæri í stað þeirra sem tapast.

Okkur má vera öllum það ljóst að einhverjir ókostir af þessum toga geta fylgt bættum samgöngum. Hins vegar eru ókostirnir lítilvægir í samanburði við það sem vinnst með bættum samgöngum.

Það er full ástæða til að óska landsmönnum öllum til hamingju með ný jarðgöng til Bolungarvíkur því þó þær samgöngur nýtist okkur heimamönnum mest þá eru bættar samgöngur í þágu okkar allra. Vígsla jarðganga til Bolungarvíkur eru langþráð og hátíðleg tímamót.

Halldór Halldórsson,
formaður Sambands
íslenskra sveitarfélaga.



Bolungarvíkurgöng tekin í gagnið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar Bolvíkingum, Ísfirðingum og landsmönnum öllum til hamingju með hin nýju Bolungarvíkurgöng.

Megi göngin verða til heilla og framfara.

Ögmundur Jónasson,
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Það er loksins greið leið til Bolungarvíkur

Biðin eftir jarðgöngum til Bolungarvíkur er á enda. Stórvirkinu Bolungarvíkurgöngum er farsællega lokið. Vegurinn um Óshlíð hefur vissulega verið lífæð byggðarinnar í Bolungarvík. Óshlíð hefur hinsvegar verið ein af háskalegri köflum á þjóðvegakerfinu. Í áratugi var unnið að ýmsum endurbótum á veginum og varð óneitanlega mikil breyting til batnaðar. Hættan á grjóthruni og snjóskriðum var samt sú ógn sem vegfarendur gátu ekki unað við. Nú er fengin hin endanlega lausn á tengingu milli Bolungarvíkur og Ísafjarðarkaupstaðar með fullkomnum jarðgöngum. Því fagna ég af einlægni.

Eðlileg krafa um aukið öryggi

Á sínum tíma var unnið við úrbætur á Óshlíðarvegi samkvæmt áætlun sem gerði ráð fyrir úrbótum og snjóflóðavörnum með byggingu vegskála sem tryggðu meira öryggi. Engu að síður var öryggi vegfarenda ekki nægjanlegt og urðu miklar umræður árið 2005 um aukið hrun. Var ályktað sérstaklega af hálfu Almannavarnanefndar Bolungarvíkur um takmarkað öryggi á Óshlíðinni og barst samgönguráðuneytinu bréf vegna þess um miðjan september það ár.

Með vaxandi umferð um alla þjóðvegi hafa kröfur um öryggi og góða þjónustu aukist með hverju árinu. Það var því eðlilegt, í ljósi þeirrar þróunar, að ég legði sem samgönguráðherra upp nýja áætlun sem gerði ráð fyrir varanlegri lausn. Og 27. september árið 2005 kynnti ég málið í ríkisstjórninni með minnisblaði og var málið síðan til afgreiðslu 30. september 2005. Í því minnisblaði sem var lagt fyrir ríkisstjórnina var gerð rækileg grein fyrir stöðu mála og tillögum um varanlegar úrbætur.

Bolvíkingurinn Einar Kristinn Guðfinnsson sat sinn fyrsta fund í ríkisstjórninni sem sjávarútvegsráðherra þann dag, sem ég lagði málið fyrir. Fékk ég stuðning ríkisstjórarinnar til þess að vinna áfram að málinu. Það var því öflug og samhent sókn þann dag og niðurstaðan eftir því. En mikið verk var óunnið við rannsóknir, val lausna og fjármögnun þessa stóra verkefnis. Mér var vissulega vandi á höndum vegna þess að það var hrópað úr öllum landshlutum á stórverkefni í vegagerð. Það voru harðsnúnir hópar þingmanna og sveitarstjórnarmanna sem sóttu að mér þegar kom að því að stilla upp nýrri samgönguáætlun þar sem koma þurfti fyrir mörgum nýjum stórverkefnum.

Mikilvægar tillögur vinnuhóps

Í greinargerð minni til ríkisstjórnarinnar sagði m.a.: „Í nóvember 2002 skilaði vinnuhópur, með fulltrúum Vegagerðarinnar og hlutaðeigandi sveitarfélaga, greinargerð um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur.“ Síðar í greinargerðinni sagði: „Ljóst er að dæmin undanfarið sýna að öryggi vegfarenda, sem um Óshlíðarveg fara, sé undir því lágmarki sem gera verður kröfur um í dag. Samgönguráðherra leggur því til að Vegagerðinni verði falið að hefja nú þegar rannsóknir og athuganir sem að miða að því að hægt sé að hefjast handa um jarðgangagerð undir Óshlíð á árinu 2006. Jafnframt mun samgönguráðherra beina þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að eftirlit með hlíðinni verði aukið og auk þess fyrir sitt leyti gera það að forgangsatriði að komið verði á fullnægjandi GSM-sambandi á þessum vegkafla.“

Verkinu var hraðað

Það er skemmst frá því að segja að rannsóknir og undirbúningur hófst strax hjá Vegagerðinni. Fljótlega kom í ljós að verkefnið tæki meiri tíma en fyrri áætlnir gerðu ráð fyrir sökum þess að verkið varð umfangmeira þar sem lengri jarðgöng voru skoðuð rækilega og ég var viss um að ekki næðist sátt um annað en varanlega lausn. Tími bráðabirgðalausna á Óshlíð var liðinn að mati Ólafs Kristjánssonar fyrrverandi bæjarstjóra sem var einn minn besti ráðgjafi í þessu mikla máli. Valkostir voru endurmetnir og leiddu til þess að ég lagði til við ríkisstjórn og Alþingi að vinnuheitið „Skarfaskersleið“ yrði fyrir valinu sem var talinn mjög öruggur kostur.

Áður en til þess kom naut ég hollra ráða Elíasar Jónatanssonar verkfræðings, núverandi bæjarstjóra í Bolungarvik um val á legu jarðganganna, en ég átti auðvitað mjög gott samstarf á undirbúningsstiginu við þá sem unnu mest í málinu með Jóni Rögnvaldssyni vegamálastjóra. Þar vil ég nefna Hreinn Haraldsson núverandi vegamálastjóra og Gísla Eiríksson verkfræðing. Vegagerðarmenn höfðu unnið að því að auka öryggi á Óshlíðinni af einstakri elju og raunsæi. Ákvörðun um að Bolungarvíkurgöng yrðu sett inn í samgönguáætlun var kynnt með viðhöfn á Ísafirði 12. febrúar 2007. Jarðgöngin til Bolungarvíkur voru því sett á samgönguáætlun sem Alþingi samþykkti 17. mars árið 2007 og þær framkvæmdir voru tryggðar sem nú er loki við.

Ánægjulegt verkefni

Það var ánægjulegt að koma að þessu verki og fá tækifæri til þess að taka ákvörðun um þvílíkar framkvæmdir sem marka þáttaskil fyrir byggðirnar. Nú, þegar verkinu er lokið, vil ég óska Bolvíkingum til hamingju og jafnframt þakka heimamönnum og þingmönnum kjördæmisins, sem að ákvörðun komu, fyrir samstarfið. Ég vil óska Vestfirðingum og yfirvöldum samgöngumála til hamingju með merkan áfanga í samgöngumálum þjóðarinnar. Nær allar samgöngubætur varða hag þjóðarinnar og ekki síst þær sem auka öryggi vegfarenda. Það er von mín að þessi mikilvæga samgöngubót, sem jarðgöngin verða, leiði til öflugra atvinnulífs á norðanverðum Vestfjörðum. Framundan eru tækifæri til þess að nýta stórkostlegar samgöngubætur til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins.

Vestfirðingar sameinist um næstu verkefni

Með verklokum Bolungarvíkurganga, uppbyggðum vegi um Djúp og Arnkötludal, er komin greið leið milli höfuðborgarinnar og Bolungarvíkurkaupstaðar. Við hljótum því að gera ráð fyrir því að Vestfirðingar sameinist um næstu stóru verkefni í fjórðungnum. Það getur ekki beðið lengur að halda áfram að byggja upp vegina á sunnanverðum Vestfjörðum. Til þess þurfa menn að veita stjórnvöldum aðhald og stuðning líkt og ég fékk svo ríkulega sem samgönguráðhera vegna framangrindra verkefna. Það er einlæg von mín að göngin milli Arnarfjarðar og Dýrafjarða og þverun fjarðanna í Gufudalssveit verði að veruleika sem fyrst eins og samgönguáætlunin gerir ráð fyrir.

Með því opnast leið ferðamanna að perlum í náttúru Vestfjarða allan ársins hring og búsetu skilyrði munu batna til muna. Þetta mun takast ef allir leggjast á árar líkt og gerðist með Bolungarvíkurgöng.

Sturla Böðvarsson fyrrverandi samgönguráðherra.

PIPARTBWA - SÍA - 102164

TIL HAMINGJU MEÐ GÖNGIN, BOLVÍKINGAR OG AÐRIR LANDSMENN

Olís óskar Bolvíkingum og öðrum landsmönnum innilega til hamingju með nýju jarðgöngin.
Vegfarendur geta nú glaðst yfir öruggari leið að heiman og heim.

olís

Í TILEFNI AF OPNUN GANGANNA

-5 kr. **AF ELDSNEYTI Í DAG, 30. SEPTEMBER HJÁ ÓB BOLUNGARVÍK OG ÓB ÍSAFIRÐI**

ÓB ódýrt bensín

Öruggar samgöngur forsenda framþróunar

Öruggar samgöngur eru forsenda framþróunar í nútímasamfélagi. Því skal engan undra að Bolvíkingar séu ánægðir með þá samgöngubyltingu sem orðin er að veruleika með tilkomu Bolungarvíkurganganna. Óshlíðin, sem verið hefur farartálmi öldum saman, einnig síðustu sextíu árin þótt um hana sé akvegur, er ekki lengur aðaltenging Bolungarvíkur við umheiminn. Sögur af grjóthruni og snjóflóðum á Óshlíð eru sögur gærdagsins en tilheyra ekki lengur hversdagslífinu. Áhyggjur foreldra af nemum á leið úr og í skóla eða á íþróttaæfingar um Óshlíð eru nú óþarfar.

Áhrif slíkra samgöngubóta á samfélagið verða margvísleg. Væntanlega verða fyrstu merkjanlegu áhrifin þau að fasteignaverð í Bolungarvík færist nær því sem er á Ísafirði, þar sem ætla má að eftirspurn eftir fasteignum í bænum aukist. Styrkleikar Bolungarvíkur munu njóta sín betur með tilkomu jarðganganna og væntanlega mun sjósókn héðan aukast, þar sem auðveldara verður fyrir útgerðarmenn að gera út frá Bolungarvík þótt áhöfnin búi annarsstaðar og nýta sér með þeim hætti nálægð Bolungarvíkur við gjöful fiskimið.

Almenn áhrif á atvinnulíf og vinnumarkað verða til eflingar, atvinnusvæðið verður eitt. Samkeppni á milli fyrirtækja og þjónustuaðila innan svæðisins mun þannig aukast og neytendur munu hagnast.

Fjölbreytni atvinnutækifæra fyrir Bolvíkinga eykst til muna með tilkomu ganganna. Fleiri munu geta hugsað sér að sækja vinnu til Ísafjarðar en verið hefur þar sem samgöngurnar eru orðnar öruggar. Vegalengdin sem slík hefur ekki verið vandamál enda aðeins um rúmlega 10 mínútna akstur á milli staðanna.

Eðlilega vakna spurningar um hvort rétt sé að reka margar smáar einingar sveitarfélaga þar sem vegalegndir eru stuttar á milli byggðarlaga og samgöngur greiðar. Svarið við því er kannski ekki eins einfalt og margir telja. Vissulega má oft sýna fram á ákveðna hagræðingu með því að sameina þjónustu og gera hana miðlæga. Það er þó staðreynd að oft vill gleymast að taka þar inní kostnað og fyrirhöfn einstaklinganna við að sækja miðlæga þjónustu. Kostnaður einstaklinganna er þá ekki reiknaður inn í heildarkostnaðinn og niðurstaðan þannig skekkt. Þá vill stundum gleymast að miðlæga þjónustan sem litið er á sem sjálfsagðan hlut í kjarnabyggðinni væri jafnvel ekki fyrir hendi í jafn miklum mæli ef ekki kæmi til eftirspurn frá jaðarbyggðunum. Af þessum sökum er aldrei til neitt eitt svar við því hvað sé hagkvæmast því það mun alltaf þurfa að spyrja líka, fyrir hvern?

Mikilvægt er að viðhalda fjölbreytileikanum í atvinnulífinu og leyfa minni samfélögunum frekar að njóta vafans þegar verið er að bera saman valkosti er varða staðsetningu starfa í kjarnanum eða jaðarbyggðunum. Ekki skiptir þá máli hvort um er að ræða eitt og sama sveitarfélagið eða ekki. Sterkar jaðarbyggðir munu alltaf styrkja kjarnann en veikar jaðarbyggðir veikja hann. Reyndar er þetta gagnkvæmt og veikur kjarni mundi draga niður jaðarbyggðirnar. Verkefni dagsins er því að byggja upp tengsl á milli byggðarlaga sem styrkja þau og gera þau tilbúnari til að takast á við fyrirliggjandi verkefni.

Erfitt er að ímynda sér merkilegri viðburði í samgöngusögu Bolungarvíkur en tengingu staðarins við umheiminn með jarðgöngum. Þeir viðburðir sem þó koma í hugann sem ámóta sögulegir eru upphaf hafnargerðar 1911 og opnun Óshlíðar árið 1950, sem báðir ollu straumhvörfum í lífi Bolvíkinga.

Efling byggðar í Bolungarvík mun eftir sem áður byggja á þeim einstaklingum sem þar búa. Opnun Bolungarvíkurganga býður upp á áður óþekkt tækifæri sem Bolvíkingar munu grípa. Í senn fullir tilhlökkunar og þakklætis líta Bolvíkingar björtum augum til nýrra tíma.

Elías Jónatansson,
bæjarstjóri í Bolungarvík.

Óskum Bolvíkingum og öðrum Vestfirðingum til hamingju með opnun ganganna með von um að sem fyrst getum við haldið upp á opnun næstu jarðganga til að tengja saman norður- og suðursvæði Vestfjarða

KL APAMA PRODUCE OF ICELAND

KLOFNINGUR EHF.
AÐALGATA 59 • 430 SUÐUREYRI
SUÐUREYRI - ÍSAFIRÐI - TÁLKNAFIRÐI - BRJÁNSLÆK

NÝJU GÖNGIN EFLA ALLRA HAG

Óskum heimamönnum og landsmönnum öllum til hamingju með Bolungarvíkurgöng.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

EFLA er leiðandi verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Hlutverk EFLU er að koma fram með lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélagið. Ráðgjöf EFLU byggir á áratuga reynslu og víðtækri þekkingu sérfræðinga fyrirtækisins.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA | HÖFÐABAKKI 9 | 110 REYKJAVÍK | SÍMI 412 6000 | EFLA@EFLA.IS | WWW.EFLA.IS
REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | FJARÐABYGGÐ | REYKJANESBÆR | SELFOSSI

Ljósmyndunin

Ljósmyndarinn Ágúst Atlason fór í sumar í Grænlandsferð með ísfirsku ferðaþjónustunni Borea Adventures og skrásetti ferðalagið með myndavélinni sinni. Hann hefur fyrir löngu vakið athygli fyrir að hafa næmt auga og mynda landslag, fólk og viðburði á sinn einstaka hátt. Ágúst byrjaði að fikta við ljósmyndun fyrir tveimur áratugum og hefur ekki hætt síðan. Hann segir sjálfur að ástríðan fyrir ljósmyndun hafi leitt hann áfram í ýmis ævintýri, þar á meðal Grænlandsferðina.

Fyrir utan brennandi áhuga á ljósmyndun hefur Ágúst einnig áhuga á því að festa á filmu yfirbragð og sjarma bæja og staða á Íslandi, ekki síst á Vestfjörðum, en hann hefur ásamt félaga sínum staðið fyrir verkefninu Focus Westfjords sem hefur það að markmiði að fanga og sýna lífið í fjórðungnum.

Blaðamaður Bæjarins besta hitti Ágúst yfir kaffibolla og forvitnaðist um ljósmyndaáhugann og Grænlandsferðina.

– Hvernig kom það til að þú fórst út til Grænlands?

„Ljósmyndunin leiddi mig í þetta ævintýri. Ég hefði aldrei látið vaða ef mig hefði ekki langað til þess að mynda náttúruna og menninguna í Grænlandi. Ég hef alltaf haft mestan áhuga á því að skrásetja menningu hvers staðar fyrir sig.

Ég hannaði vefinn fyrir Borea Adventures og var í kjölfarið að fíflast í þeim Rúnari Óla og Búbba (Rúnari Óla Karlssyni og Sigurði Jónssyni, eigendum Borea Adventures) að fá að fara með þeim ferð við tækifæri. Þetta var nú meira í gríni en alvöru hjá mér og ég bjóst nú ekki við neinu. Svo var það fyrir svona ári að þeir sögðust ætla bjóða mér til Grænlands. Ég hélt nú reyndar að þeir væru að spauga en samþykkti það á stundinni án þess að vita í raun og veru út í hvað ég væri að fara. Svo fór að ég var sautján daga í Grænlandi.“

Vopnaður þremur myndavélum skrásetti Ágúst vandlega það sem fyrir augu bar í ferðinni. Hann reyndar fékk skrekk þegar ein myndavélin bilaði.

„Ég var með eina vatnshelda myndavél, eina til vara og svo mína vél. Ég notaði mína nú mest. Í byrjun ferðalagsins þegar við vorum í Tasiilaq, sem er vel falinn 1700 manna bær í fallegum fjallasal, álpaðist ég til að fara út með myndavélina í hellirigningu. Hana rigndi í kaf og þegar ég kom aftur í skútuna hætti hún að virka. Ég setti vélina á ofn og hún virkaði eftir nokkra tíma sem betur fer. Þetta voru ansi erfiðir tveir-þrír tímar á meðan ég beið eftir að sjá hvort hún myndi virka eða ekki.“

Annar heimur

Ágúst segir Grænland vera gjörólíkan menningarheim því sem Íslendingar eiga að venjast.

„Þetta er eins og koma í annan heim. Allt er mjög framandi. Gott dæmi um það hvað allt er ólíkt því sem maður á að venjast eru kirkjugarðar, en þar sem ekki er hægt að grafa niður í jörðina er steinum hlaðið upp utan um kistuna. Þetta er svo skreytt með litríkum plastblómum.

Það sem kom mér fyrst á óvart var hversu mikið rusl er í bæjunum. A.m.k. í þeim bæjum sem ég heimsótti. Það var mikið af bjórdósum og alls kyns rusli á götunum. Mér var sagt að það sé vandamál á þessum stöðum þar sem þeir hafa ekki aðstöðu til þess að losa sig við sorpið. Það er ekki hægt að urða það í gaddfreðinni jörðunni og það var bara einhver lítil sorpbrennsla þarna. Svo felur snjórinn þetta í 10-11 mánuði á ári sem hefur nú ábyggilega líka eitthvað að segja.

Þetta kom mér á óvart en eftir smátíma hætti maður að sjá það og ég ákvað að fókusa ekki á það í ljósmyndum mínum. Ég vildi frekar einblína á fegurðina því hún er svo sannarlega mikil þarna. Húsin eru litrík og allt er svo einfalt.

Annað sem kom á óvart var hve mikil ölvun er meðal fólksins. Við vorum staddir í bænum um helgi og það voru mikil læti á nóttunni. Á ferðamálaskrifstofum er maður einmitt varaður við ölvun íbúa.

Maður heyrði af því að töluvert er um félagsleg vandamál meðal íbúanna, sjálfsmorðstíðni er há og mikið um munaðarleysingja. Það tók svolítið á að heyra það en sjálfur var ég þó ekkert var við þetta. Ég upplifði mikla velvild frá íbúum og allir heilsuðu mér. Flestir voru mjög spenntir líka að láta mynda sig, sérstaklega börnin.“

Farið með ísbjarnardráp eins og morðmál

Ágúst fékk líka að kynnast náttúrunni eins og hún er tærust og stórfenglegust.

„Ég ákvað að skella mér með ferðafélögum mínum í kajakferð. Þar sem við Rúnar Óli vorum langyngstir hélt ég að ég gæti nú alveg haldið í við hina. Það kom þó fljótlega í ljós að það var auðveldara sagt en gert og stungu flestir öldungarnir mig auðveldlega af og ég mátti hafa mig allan við að hafa við þessu fólki. En þetta hafðist og það jafnast fátt við að upplifa Grænland úr kajak, svona rétt við strendurnar. Sjórinn var fullur af jökum, hvert sem litið var, og sjórinn spegilsléttur enda vorum við mjög heppin með veður. Fyrsta kvöldið tjölduðum við í nokkurs konar laut, eða rauf, eftir skiðjökul sem var horfinn og hlýddum á drunurnar í jöklunum. Algjörlega ógleymanleg hljóð sem minna mann á hversu agnarsmár maður er í náttúrunni.

Einn daginn urðum við vitni að því þegar einn ísjakinn sprakk en þá komu miklir brestir og hvellir og á eftir fylgdi nokkuð stór alda. Svo skoðuðum við líka hella á meðan við rerum um þetta stórfenglega landslag.“

Meðan á Grænlandsdvölinni stóð komst Ágúst ekki í tæri við ísbjörn þótt ferðafélagarnir hafi skipst á að vera á ísbjarnavakt á nóttunni. Eitt sinn komust þeir þó nærri því að hitta björninn hvíta.

„Einn daginn sáum við greinilega í sandinum spor eftir kóng norðursins, ísbjörninn. Breið spor, eins og eftir risahund. Þetta var það næsta sem ég hafði komist ísbirni. Við fylgdum sporunum en þau hurfu fljótlega og við hittum engan björn. Við hittum þó danska hermenn á rannsóknastöð þar sem 50 manns búa í um það bil sjö vikur í einu. Ísbirnir höfðu verið skæðir þar þetta árið. Stöðvarmenn urðu varir við þá í búðunum fimm sinnum, en árin fimm á undan kom ekki einn einasti. Einn björninn varð að deyja, en starfsmenn stöðvarinnar skutu hann nokkrum vikum áður en við komum þarna. Í algerri neyð, sögðu þeir, en ísbjarnardráp er höndlað eins og morðmál í Grænlandi og þurfa að liggja góðar ástæður fyrir þvílíku drápi. Það mæta löggur á staðinn og það þarf að sinna pappírsvinnu og allt þarf að vera pottþétt því ísbirnir eru friðaðir.“

Bókstaflega á mörkum hins byggilega heims

Ágúst segir að ein af eftirminnilegustu stundum ferðalagsins hafi verið þegar ferðafélagarnir reru að yfirgefnu þorpi, sem bókstaflega var á mörkum hins byggilega heims.

„Við fórum í þorpið Skærgaard sem er eins og það hafi yfirgefið í flýti, því allt var skilið eftir. Húsin standa þarna einmanaleg og búslóðin liggur illa farin úti á klöpp. Það vakti athygli mína hversu mikið skótau lá þarna. Einnig leikföng, dúkkufætur og veðurbarnir Matchbox-bílar. Það var eins og fólk hafi bara staðið upp einn daginn og yfirgefið þorpið.

Þetta þorp var sett á laggirnar af stjórnvöldum um miðja síðustu öld því þarna var gjöful matarkista. Veiðin var góð í upphafi en eitthvað brást og var þorpið aðeins notað í stuttan tíma á ári í kringum 1980-90. Þorpið er af og til notað í vetrarsetu af veiðimönnum í dag.

Ótrúlegt að sjá hvernig þetta fólk bjó hér á því svæði sem er

leiddi mig til Grænlands

kallað endimörkin í heiminum til að lifa af, því hér var lífið örugglega erfitt í vetrarhörkunum, vetrarhörkum sem fæst okkar munu upplifa, nokkurn tímann. Maður getur rétt ímyndað sér hversu erfitt lífið væri ef maður þyrfti að afla sér sjálfur matar við þessar aðstæður.“

Langar að gefa ævintýrið út

Ágúst gælir nú við þá hugmynd að gefa ferðasöguna út.

„Það er planið að gefa út bók með stuttri ferðasögu og ljósmyndum. Maður veit þó ekki hvort af því verður, en ég á enn eftir að finna leið til að fjármagna það. Ég ætla að setja bókina upp sjálfur og fara svo með hana í forlög og sjá hvort það sé einhver áhugi. Ég er að skoða hvort sniðugra væri að gefa hana út á ensku eða íslensku og hvort að það sé markaður fyrir svona bók. Það verður svo bara að koma í ljós hvað verður.

Svona ferðalag er kannski ekki fyrir hvern sem er þótt margir hefðu áhuga á því. Maður þarf t.d. að búa mjög þröngt í skútuferð með tíu manns. Lífið er eins konar dans á göngum skútunnar, rassinn inn í skot við mætingu, hendur upp í loft, og allt í velting. En þeir sem hafa áhuga á slíku ferðalagi en treysta sér ekki til þess geta lesið bókina og fengið forsmekk af ævintýrinu.

Segja má að það sé tvenns konar upplifun að fara til Grænlands, bæði þessi frábrugðna menning og svo náttúran. Mig langar til að deila með öðrum þessum upplifunum.

Þetta var ótrúlega skemmtilegt ferðalag. Og ekki skemmdi fyrir að hópurinn var góður. Auk mín, Rúnars Óla og Búbba samanstóð hópurinn af Olav sem var fararstjórinn, Jan og Ursulu sem eru 70 ára hjón, Doug sem er 78 ára, Bob, 59 ára hraustmenni, Patty 52 ára, Janine frá Kanada sem er 52 ára ævintýramanneskja, og Dananum Peter sem er 66 ára.“

Hefði notað myndavélina sem vopn gegn ísbirni

Ágúst starfar sem vefhönnuður hjá Snerpu á Ísafirði. Aðspurður segir hann ljósmyndunina nýtast vel í því starfi því gott sé að hafa auga ljósmyndarans þegar setja á upp nýja vefi.

„Margmiðlun er svo víðtæk, það er samblanda af t.d. vídeó, ljósmyndun, vefhönnun og grafík. Náminu mínu var skipt niður í fjóra þætti. Þar var viðskiptalega hliðin, þar sem farið var yfir hvernig maður gerir plan áður en maður fer út í hlutina. Samskiptin, þar sem fjallað var um hvernig maður talar við viðskiptavininn í gegnum vefhönnunina. Inni í þessu var líka hönnun og þá lærði maður að byggja upp hönnunina, og svo var forritun.“

– Hvernig kom það til að þú fórst út í margmiðlun?

Ég fótbrotnaði mjög illa þegar ég var að vinna hjá Símanum fyrir þó nokkrum árum. Fóturinn á mér fór næstum því í sundur og mér var sagt af læknum að líkamleg vinna yrði líklega ekki fyrir mig framar. Ég notaði því bæturnar sem ég fékk vegna slyssins til þess að fara til Danmerkur í nám með það í huga að finna mér innivinnu.

Læknarnir höfðu líka sagt mér að ég gæti ekki gert framar hluti á borð við að fara í ævintýraferðir í Grænlandi, en ég er búinn að afsanna það fyrir sjálfum mér. Það kennir manni þá lexíu, að þótt maður lendi í slysi og áætlað er að maður geti aldrei framar gert vissa hluti sem felast í líkamlegri áreynslu, þá er bara að láta reyna á það. Maður getur miklu meira en maður heldur oft á tíðum. Ég er núna búinn að ferðast um alla Vestfirði og mynda. Ég hef enn ekki lent frammi fyrir einhverju sem ég hef ekki getað gert, nema að hlaupa. Þannig að ég hefði mætti ísbirni á Grænlandi, þá hefði ég þurft að standa kyrr og berjast við hann með myndavélinni minni,“ segir Ágúst og hlær.

Óhætt er að búast við því að hann muni hafa myndavélina að vopni í komandi ævintýrum, hvort það er að festa á filmu dýrmæt andartök í fjölskyldulífinu eða sögulegar heimildir fyrir framtíðina um bæi og fólk á Vestfjörðum. Einnig er meira af Grænlandsævintýrum á þriggja ára planinu.

– thelma@bb.is

Ágúst siglir á kajak undir Glacier de France meðan Rúnar Óli Karlsson myndar hann.

Rúnar Óli og Janine sóla sig á grænlenskri strönd með ísjaka allt um kring.

Siglt milli áfangastaða við sólarlag.

Grænland

séð með linsu Ágústs G. Atlasonar

Kulusuk í þokunni.

Ítölsk skúta sem siglir um svæðið í kringum Ammasalik.

Kona í Tasiilaq situr í dyrunum heima hjá sér og reykir. Buxurnar hennar eru áhugaverðar.

Fyrsta tjaldsvæðið í kajakferðinni í Vestfjord.

Siglt út í Auroru frá Kulusuk fyrsta daginn.

„Læknisþjónusta er veitt með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi“

Vestfirðingar þurfa að standa saman um þá góðu þjónustu sem veitt er hér á svæðinu og ekki láta úrtölufólk og svartsýnisraus ráða för segir framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

„Að reka heilbrigðisþjónustu í núverandi umhverfi er krefjandi þar sem ýmis sjónarmið eru uppi og mis háværar raddir með einu réttu lausnirnar. Illa ígrunduð hlaup ýmissa aðila í fjölmiðla eru ekki til þess fallin að gera starfið auðveldara og því miður skapa þau óþarfa óróleika,“ segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, í pistli sem hann hefur sent blaðinu þar sem hann bendir á ýmsar rangfærslur sem birtist á bb.is fyrir helgi um heilbrigðisþjónustu í Bolungarvík. Í fréttinni er vísað í bókun bæjarstjórnar Bolungarvíkur þar sem óskað er eftir óbreyttu ástandi, þ.e. að þar verði búsettur og starfandi læknir og að læknisþjónusta verði með sama hætti og veitt hefur verið undanfarin ár og áratugi.

„Undanfarin ár og áratugi hefur verið starfandi læknir í Bolungarvík í einmennings læknishéraði. Læknishéraði sem oft á tíðum var nokkuð afskekkt með tilliti til samgangna en nú sér fyrir endann á því með hinum nýju og glæsilegu Bolungarvíkurgöngum,“ segir í pistli Þrastar.

Þar segir jafnframt: „Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á styrkingu heilbrigðisþjónustu í landinu, með sameiningu og fækkun læknishéraða og stækkun stofnana með það fyrir augum að ávallt sé veitt besta mögulega þjónusta á hverjum stað á hverjum tíma. Hér á norðanverðum Vestfjörðum hefur þróunin verið á sama hátt. Lítil einmenningslæknishéruð hafa verið sameinuð stærra læknishéraði, í kjölfar þess að áðurstarfandi læknar létu af þjónustu. Með því hefur verið unnt að tryggja áframhaldandi læknisþjónustu á viðkomandi stöðum. Skemmst er þess að minnast að fyrrverandi læknir á Flateyri ákvað að flytja til Bolungarvíkur en þar með lagðist af föst búseta læknis á Flateyri.

Í dag er staðan varðandi veitingu læknisþjónustu í Bolungarvík eftirfarandi. Læknir kemur frá Ísafirði alla virka daga og opið er fyrir bókun frá kl. 09:00 til kl. 13:00. Lögð hefur verið áhersla á að um viðveru sé að ræða en rétt er að taka það fram að viðvera fyrrum lækna í Bolungarvík hefur ekki alltaf verið í samræmi við opnunartíma heilsugæslustöðvarinnar og kemur þar ýmislegt til. Hugmyndin er sú að læknisþjónusta í Bolungarvík sé veitt með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi og því geti sá tími sem læknir er þar verið breytilegur eftir eftirspurn hverju sinni. Ekki er ásættanlegt í nútíma þjóðfélagi að læknar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn séu látnir sitja með hendur í skauti og bíði eftir sjúklingum sem ekki koma. Réttara er að þeir þjóni þeim sjúklingum sem leita eftir þjónustunni. Ef þörf er á læknisþjónustu á öðrum tímum er hægt að fá hana allan sólarhringinn. Þess má geta að lokum að fyrrverandi heimilislækni í Bolungarvík var boðið að starfa áfram á breyttum kjörum en þeim var hafnað.

Í bókuninni segir að bæjarstjórn Bolungarvíkur leggi ríka áherslu á búsetu læknis í Bolungarvík. Í dag er staðan sú að enginn af þeim sex læknum sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hafa óskað eftir því að nýta læknisbústaðinn í Bolungarvík og er það vissulega miður þar sem um gott hús er að ræða. Hins vegar verður sá möguleiki opinn áfram.

Í bókuninni er að lokum getið um stöður sjúkraliða og sjúkraþjálfara og mikilvægi þjónustu þeirra.

Heimahjúkrun er veitt af heimahjúkrunardeild innan heilsugæslunnar. Þetta er sú deild sem eflst hefur mest á undanförnum árum ef litið er til umsvifa og er það vel. Sjúkraliði hefur veitt heimahjúkrun undir umsjón hjúkrunarfræðings í Bolungarvík. Breytingin nú er sú að umsjón heimahjúkrunar er á einni hendi fyrir allt þjónustusvæðið. Með þeim hætti er hægt að tryggja samfellu í þjónustuna og koma í veg fyrir rof á henni takist ekki að fullmanna þær stöður sem óskað er eftir. Nú er útlit fyrir að veita þurfi þjónustu í Bolungarvík frá Ísafirði þar sem ekki hefur enn verið unnt að manna stöðu sjúkraliða þar eins og æskilegt hefði verið.

Í Bolungarvík er um margt góð aðstaða til sjúkraþjálfunar og þar hefur verið unnið gott starf á undanförnum árum. Í dag er staðan sú að sá sjúkraþjálfari sem lengst af hefur sinnt Bolvíkingum hefur horfið frá störfum og viðvarandi skortur er á sjúkraþjálfurum um land allt og einnig á Ísafirði. Í ljósi þessa hefur verið samið við Sjúkraþjálfun Vestfjarða um að þeir sinni sjúkraþjálfun í Bolungarvík nú næsta ár. Starfsfólk endurhæfingardeildar sjúkrahússins á Ísafirði mun sinna vistmönnum hjúkrunardeildarinnar ásamt starfsmanni þar sem til þess er ráðinn.

Í frétt BB er einnig vísað í grein sem fyrrverandi og núverandi heilbrigðisstarfsmenn í Bolungarvík skrifuðu undir fyrirsögninni: „Misheppnuð sameining Heilbrigðisstofnana á norðanverðum Vestfjörðum“. Í greininni koma ýmsar rangfærslur sem eru greinarhöfundum ekki til mikils sóma en ekki verður látið hjá líða að svara þeim nú.

1. *Viðvera læknis á heilsugæslu minnkar a.m.k. um 25%.*

Ekki verður séð á gögnum Heilbrigðisstofnunarinnar í Bolungarvík né Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða hver nákvæm viðvera læknis í Bolungarvík hefur verið undanfarin ár.

Ekki er því hægt að fullyrða með neinni vissu um hve mikið viðvera læknа á heilsugæslustöðinni breytist nú. Hins vegar er ljóst að læknir mætir nú alla morgna virka daga á stöðina.

2. *Viðvera læknis á sjúkraskýli minnkar um 75%.*

Læknar sjúkrahússins á Ísafirði munu sjá um hjúkrunardeildina í samráði við deildarstjóra hennar. Það er sama fyrirkomulag og með aðrar hjúkrunardeildir hjá stofnuninni og til þess fallið að boðið sé upp á bestu mögulegu þjónustu við inniliggjandi vistmenn.

3. *Viðvera ritara minnkar um 50%.*

Viðvera ritara ræðst af tvennu, annars vegar af opnunar tíma heilsugæslustöðvarinnar og hins vegar af þeim verkefnum sem fyrir liggja.

4. *Staða hjúkrunarfræðings er í algerri óvissu, var 100% en er sem stendur 10% eða sem samsvarar tveimur til fjórum tímum á viku.*

Staða hjúkrunarfræðings er ekki í neinni óvissu. Núverandi hjúkrunarfræðingur er í fæðingarorlofi svo grípa hefur orðið til afleysinga. Nú mætir hjúkrunarfræðingur með lækni frá Ísafirði fjóra daga vikunnar. Ljósmæður og aðrir sérmenntaðir heilbrigðisstarfsmenn mæta eftir þörfum.

5. *Læknavakt flyst alfarið á Ísafjörð.*

Undanfarin ár hefur læknavakt Bolvíkinga verið ýmist í Bolungarvík eða á Ísafirði. Íbúar á norðanverðum Vestfjörðum hafa aðgang að vakthafandi lækni alla daga ársins, allan sólarhringinn á Ísafirði.

Í greininni er fjallað um bakvaktir hjúkrunarfræðings við hjúkrunardeildina en þess ekki getið að núverandi deildarstjóri fær greiddan ákveðinn fjölda yfirvinnutíma á mánuði fyrir að sinna deildinni utan dagvinnutíma. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að hún er einn af höfundum greinarinnar.

Fjallað er um skólahjúkrun í greininni og fullyrt að rofin verði tengsl Grunnskóla Bolungarvíkur og heilsugæslustöðvarinnar.

Skólahjúkrunarfræðingur skipuleggur og stjórnar skólahjúkrun á starfssvæði Heilbrigðisstofn-



Frá undirritun vatnssamningsins milli Ísafjarðarbæjar og Brúarfoss ehf. Á myndinni eru Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Halldór Guðbjarnason frá Brúarfossi.

Vatnsútflutningur í augsýn

Lindarfoss ehf., hefur gert sölusamning við evrópskt fyrirtæki sem m.a. hefur selt vatn til fjarlægra landa. Fyrirtækið ráðgerir að auka sölu á vatni og afla vatns frá nýjum aðilum, þar á meðal frá Lindarfossi. Vonast er til að um sé að ræða sölu sem gæti hafist snemma á næsta ári. Gangi það eftir má búast við töluverðum vatnsútflutningi, hugsanlega frá Ísafirði. Hefur Lindarfoss farið fram á að Ísafjarðarbær framlengi samning, sem undirritaður var árið 2008 og féll úr gildi í vor, um hagnýtingu og sölu á vatni frá vatnslindum í eigu sveitarfélagsins.

„Það er bagalegt fyrir Lindarfoss að geta ekki tjáð erlendum kaupendum að fyrirtækið hafi samning um vatnsöflun við Ísafjarðarbæ. Sama máli gegnir um aðra hugsanlega kaupendur, sem kunna að koma að máli við fyrirtækið," segir í bréfi Lindarfoss ehf., til bæjaryfirvalda. Í bréfinu óskað eftir því að samningurinn verði framlengdur fram til 15. september á næsta ári.

Í bréfinu segir að ötullega hafi verið unnið að því að finna kaupendur að vatni í miklum mæli frá Íslandi. „Slíkt starf tekur tíma og þarf þolinmæði því kaupendur eru ekki á hverju strái." Þar segir einnig að það geti tæplega talist nein áhætta fyrir Ísafjarðarbæ að framlengja tímamörkin. „Reynslan sýnir að mikill útflutningur á vatni frá Íslandi er ekki að skella á enda þótt margir telji að til framtíðar litið sé hér um „gullnámu" að ræða. En vera má, ef framangreindur samningur verður til þess að starfsemi Lindarfoss ehf. geti hafist, að aðrir hugsanlegir kaupendur gefi sig fram þegar sér er að hér er um raunhæfan kost að ræða en ekki lengur bara óreynd hugmynd."

Í bréfinu segir ennfremur að fyrirtækið geti ekki haldið áfram verkefnum sínum nema tryggt sé að það hafi nauðsynlegan vatnsöflunarsamning. „Margir hafa sýnt starfsemi fyrirtækisins áhuga, svo ekki sé talað um þegar árangur sýnist loksins í sjónmáli. Enn sem komið er viljum við eigendur félagsins halda okkur við Ísafjörð minnugir þeirra góðu móttöku sem við fengum þar á sínum tíma." Bæjarráð hefur falið formanni bæjarráðs og bæjarstjóra að eiga viðræður við forsvarsmenn Lindarfoss ehf.

– thelma@bb.is

Óshlíðarvegur

Þegar maður var krakki á sjöunda áratugnum á leiðinni til Bolungavíkur var keyrt framhjá gulu skilti ofan vegar utan við Búð í Hnífsdal sem hafði áletrunina: Óshlíð – hætta á niðurhruni 6 km – akið viðstöðulaust. Samt varð maður ekki smeykur, tók þessu sem sjálfsögðum hlut, eða gerði sér ekki grein fyrir hættunni. Svo var ekið framhjá Krossinum og hann minnti mann á að þetta var ekki venjuleg leið. Pabbi hafði unnið við veginn og þega hann fór þar um var hann alltaf lítandi upp hlíðina til að gá hvort grjót væri að koma niður. Seinna sá ég vegagerðarmennina Sveinbjörn Veturliðason og Ólaf Vilhjálmsson gera það sama, horfa upp, var nokkuð að koma niður? Við vinnu sína stoppuðu þeir bíla sína og tæki aðeins neðan hryggja, þar sem hættan á grjóthruni var minnst.

Samt var á þessum tíma vegurinn orðinn bæði breiðari og betri en hann var fyrst. Þá var hann ansi mjór, engar rásir fyrir vatn, hlykkjóttur og hæðóttur. Bara opinn á sumrin. Charles Bjarnason vegagerðarverkstjóri og hans menn unnu erfitt verk við að leggja þennan veg. Nánast hver steinn sem hrundi úr hlíðinni lenti á veginum. Að fara veginn á þessum tíma var á stundum stórhættulegt. En samt gríðarleg samgöngubót. Og mikilvægi vegarins óx. Það var farið að opna hann á veturna. Flutningar færðust á land og þrýstingur á að hafa veginn opinn varð meiri. Ef vegurinn lokaðist vegna snjóflóða, sem var oft, voru þau einfaldlega mokuð. Horft framhjá hættunni. Í nokkuð mörg ár var Sveinbjörn Veturliðason að mestu einn Vegagerðarmanna með ábyrgðina á sínum herðum, að veita upplýsingar um veginn, að taka ákvörðun um opnanir eða lokanir, að fara með mönnum í mokstur og hreinsanir. Síminn hjá Sveinbirni og Önnu konu hans hefur líklega ansi oft hringt útaf Óshlíðinni.

Og mikið hafa þeir lagt á sig, sérleyfishafarnir, vörubílstjórarnir, flutningabílstjórarnir, leigubílstjóranrir, mokstursmennirnir og hinir almennu vegfarendur fyrstu áratugina við að komast þessa leið. Sérstaklega Bolvíkingar sem notað hafa veginn mest. Enda ekki alveg án fórna, fólk slasaðist og fórst.

Svo urðu kaflaskil, vegurinn var breikkaður, breiðari og dýpri rásir, vegskálar, slitlag og varnarmannvirki. Allt annar vegur. Sérstaklega fækkaði snjóflóðum og grjóthrun minnkaði til muna. Samt ekki nóg. Grjóthrunið var óútreiknanlegt, sérstaklega það sem kom ofarlega úr fjallinu, oft síðla sumars og nánast öll síðastliðin ár hafa orðið stór grjóthrun á þeim tíma. Til dæmis þegar 50 árunum frá opnun vegarins var fagnað árið 2000, þá kom stórt hrun sem fólk lenti í og slasaðist. Eða í fyrrasumar þegar við nokkrir Vegagerðarmenn vorum að skoða aðstæður í blíðskaparveðri eftir svona hrun í Skriðunum og við heyrðum að eitthvað gékk á og litum upp. Nokkuð margir allstórir steinar á leið niður og við hlupum.

Við þessi gífurlegu kaflaskil, sem nú hafa orðið með tilkomu jarðganganna til Bolungarvíkur, hefur hugurinn leitað til baka. Vegarins um Óshlíð munum við Vegagerðarmenn ekki sakna. Þungu fargi er af okkur létt sem og örugglega af vegfarendum einnig.

Geir Sigurðsson.

unar Vestfjarða. Í Bolungarvík munu hjúkrunarfræðingur heilsugæslustöðvarinnar og skólahjúkrunarfræðingur hafa samstarf um þetta. Með þeim hætti er tryggt að skólahjúkrun í Bolungarvík verði með þeim hætti sem faglega er talið réttast hverju sinni.

Að lokum leggja greinarhöfundarnir til við bæjaryfirvöld í Bolungarvík að þau hverfi áratugi aftur í tímann en það er ekki líklegt til að bæta né auka þjónustu við íbúa bæjarfélagsins.

Nú þegar samdráttur og aðhald er alls ráðandi í ríkisfjármálum er brýnt að fara vel með opinbert fé. Það verkefni kallar á ýmsar breytingar sem kunna að verða óvinsælar, sérstaklega ef einhverjum þykir nærri sér höggvið. Það að reka heilbrigðisþjónustu í núverandi umhverfi er krefjandi þar sem ýmis sjónarmið eru uppi og mis háværar raddir með einu réttu lausnirnar. Illa ígrunduð hlaup ýmissa aðila í fjölmiðla eru ekki til þess fallin að gera starfið auðveldara og því miður skapa þau óþarfa óróleika.

Vestfirðingar þurfa að standa saman um þá góðu þjónustu sem veitt er hér á svæðinu og ekki láta útölufólk og svartsýnisraus ráða för." *– thelma@bb.is*

Ísfirskir smiðir á Grænlandi

Tveir menn vinna nú á vegum Geirnaglans ehf., á Ísafirði við verk í Nuuk í Grænlandi. „Við erum að klæða blokk að utan og setja glugga í hana. Svo gæti líka farið að við setjum upp innréttingar inni í blokkinni. Þetta verða einhverjir mánuðir sem verkið tekur, það á eftir að koma betur í ljós," segir Magnús Geir Helgason framkvæmdastjóri Geirnaglans.

Aðspurður vill Magnús ekki meina að fyrirtækið sé komið í útrás til annarra landa. „Við erum bara þreifa fyrir okkur, það á eftir að koma í ljós hvort framhald verði á." Magnús segir fleiri smiði frá Íslandi vera að vinna í Nuuk en honum er þó ekki kunnugt um fleiri frá Ísafirði.

– thelma@bb.is



46 einstaklingar létust á Vestfjörðum í fyrra.

46 létust á síðasta ári

Karlmenn voru í meirihluta þeirra er létust á Vestfjörðum á síðasta ári. Samkvæmt tölum Hagstofunnar létust 46 einstaklingar í fjórðungnum í fyrra, 19 konur og 27 karlar. Flestir voru eldri en 65 ára eða 42 einstaklingar. Þá voru fjórir á aldrinum 15-64 og enginn yngri en það. Andlátum fækkaði lítillega milli ára á Vestfjörðum en þau voru 52 árið áður. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar sem byggja á dánarvottorðum allra einstaklinga sem létust á árinu 2009 voru helstu dánarmein nú sem fyrr, sjúkdómar í blóðrásarkerfi og þá aðallega hjarta- og heilaæðasjúkdómar.

Krabbamein eru næst stærsti flokkur dánarmeina. Þriðji stærsti flokkur dánarmeina eru sjúkdómar í öndunarfærum og dauðsföll vegna ytri orsaka eru fjórði stærsti flokkurinn. Árið 2009 voru skráð 140 ótímabær dauðsföll á Íslandi. Ótímabær dauðsföll eru andlát vegna tiltekinna dánarorsaka sem hefði mátt komast hjá með viðeigandi meðferð eða forvörnum.

Árið 2009 létust alls 2.002 einstaklingar, 969 konur og 1.033 karlar á landinu öllu. Að því er fram kemur á vef Hagstofunnar hafa ekki orðið teljandi breytingar varðandi dánartíðni eftir helstu flokkum dánarmeina frá fyrra ári. Vegna fámennis á landinu geta þó tilviljanasveiflur milli ára verið nokkrar og ber því að taka samanburði um dánarmein milli einstakra ára varlega.

– thelma@bb.is

Vilja skipa starfshóp

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til að skipaður verði starfshópur um framkvæmd tilfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélagsins sem starfi samhliða og í nánu sambandi við sambærilegan starfshóp á vegum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur.

Þetta kom fram á bæjarráðsfundi þar sem greint var frá fundi velferðarráðs, félagsmálastjóra og bæjarstjóra með fulltrúum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur vegna tilflutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Eins og fram hefur komið gáfu ríkisstjórn og Samband íslenskra sveitarfélaga frá sér viljayfirlýsingu í fyrra um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga árið 2011.

– thelma@bb.is

Til hamingju!

Íslandsbanki óskar Bolvíkingum og Ísfirðingum til hamingju með nýju göngin. Okkur langar að nota tækifærið og bjóða öllum Bolvíkingum að kíkja við í útibú okkar á Ísafirði og kynna sér það sem við höfum að bjóða.

Við tökum vel á móti ykkur.

Bestu kveðjur,
Starfsfólk Íslandsbanka Ísafirði

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður
Sími 440 4000
www.islandsbanki.is

Íslandsbanki

Skilti var sett upp við gangamunnanna með nafninu Óshlíðargöng og vakti það þónokkra athygli.

Göngin heita Bolungarvíkurgöng

Jarðgöngin á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals munu heita Bolungarvíkurgöng að sögn G. Péturs Matthíassonar upplýsingafulltrúa Vegagerðarinnar. Skilti var sett upp við gangamunnanna með nafninu Óshlíðargöng og vakti það þónokkra athygli. Það hefur nú verið hulið að hluta. Verkið hét Óshlíðargöng í útboðsgögnum sem samkvæmt upplýsingum blaðamanns stafar væntanlega af því að upphaflega var ætlunin að göngin færu inn og út í gegnum Óshlíðina.

Kristján L. Möller þáverandi samgönguráðherra gaf út á sínum tíma að göngin myndu bera nafnið Bolungarvíkurgöng. Sagði hann að það væri betur við hæfi þar sem göngin fara undir þrjú fjöll og tvo dali, hvert með sínu nafni, og Óshlíðin eigi frekar við veginn til Bolungarvíkur en ekki fjallið sjálft. Þá væri eitt af meginhlutverkum ganganna að efla byggð í Bolungarvík.

Aðspurður segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, nafngiftina ekki hafa komið inn á sitt borð en það heyri undir Vegagerðina og samgönguráðuneytið. „Göngin munu gera sig sitt gagn sama hvað sem þau heita, við erum afskaplega ánægð með að þau skuli opna," segir Elías. *– thelma@bb.is*

Lyktarlausir kamrar á Hornströndum

Ferðamönnum sem lögðu leið sína um Hornstrandir fjölgaði mikið í sumar að sögn Jóns Björnssonar, landvarðar í friðlandinu. „Ég er ekki með endanlegar tölur en er þess fullviss að nýliðið sumar hafi verið metsumar. Mest aðsókn var að tjaldsvæðinu í Hornvík en þar gistu um 1.300 gestir í sumar á móti 8-900 gestum að meðaltali undanfarin ár. Mesta aukningin hefur orðið hjá þeim sem koma í dagsferðir og staldra þá við í fáeina klukkutíma. Vinsælustu staðirnir í ár voru að sögn Jóns, Hesteyri og Hornbjarg. Hann segir umgengni ferðamanna um svæðið hafa batnað ár frá ári og sé það mjög jákvæð þróun.

Ýmsar framkvæmdir og umbætur voru á svæðinu í sumar. Gengið var frá nýju tjaldsvæði og þjónustuhúsi í Hornvík og fjölgun tjaldsvæða hefur verið ákveðin næsta vor. „Við ætlum að laga til í vatnsbólum og tryggja að fólk fái allsstaðar gott vatn. Við höfum skipt út nær öllum kömrum fyrir nýja sem eru nánast lyktarlausir," segir Jón.

– asgeir@bb.is

Fjórðungssamband Vestfirðinga
óskar Bolvíkingum og
öðrum Vestfirðingum
til hamingju með göngin

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Mannvit verkfræðistofa óskar Vestfirðingum
og landsmönnum öllum til hamingju með
bættar samgöngur á Vestfjörðum með tilkomu
Bolungarvíkurganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Mannvit hf | Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | s: 422 3000 | www.mannvit.is

Svipmyndir frá opnun Bolungarv

Bolungarvíkurgöng
Framkvæmdarferlið
The process



Óskum Bolvíkingum
og öðrum Vestfirðingum
til hamingju með göngin

Svipmyndir frá opnun Bolungarv



Fáum yfi

Nú fer að líða að lokum ferðasumarsins. Fjölmargir hafa heimsótt Ísafjörð og nágrenni í sumar en árið 2009 var metár í komu ferðamanna til Vestfjarða. Ferðaþjónustuaðilar eru margir sammála um að sumarið hafi farið hægt af stað þetta árið en hafi síðan tekið við sér þegar líða fór á tímabilið. Enn er töluvert af ferðafólki á ferðinni. Bæjarins besta sló á þráðinn til Heimis Hanssonar, forstöðumanns upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði, og spurðist fyrir um hvernig sumarið komi honum fyrir sjónir.

„Það hefur gengið vel. Sumarið fór reyndar svolítið hægt af stað og mér heyrist flestir kenna heimsmeistaramótinu í fótbolta um það. Eftir að því lauk og tímabilið komst í gang hefur þetta verið ljómandi gott. Það er svolítið misjafnt hvað maður heyrir frá aðilum í ferðaþjónustunni. Sumir segja að það sé jafn gott og jafnvel betra en í fyrra en aðrir segja að þetta heldur rólegra en í fyrra, en þá var metár í komu ferðamanna vestur.“

Heimir segir að það eigi eftir að taka fjöldatölur sumarsins saman og bera þær saman við fyrri ár.

„Ég er nokkuð viss um að júní hafi verið hægari en í fyrra en það er spurning með júlí og ágúst. Tilfinningin er að það sé eitthvað svipað og í fyrra, en hugsanlega örlítið færra. Tölurnar verða skera úr um það.“

– Hefur heimsmeistaramótið í fótbolta og eldgosið í Eyjafjalla-

rleitt jákvæð viðbrögð

jökli kannski haft mikil áhrif?

„Ætli það sé ekki sitt lítið af hvoru. Eldgosið hafði auðvitað áhrif, en maður veit ekki hvað þau áhrif vörðu lengi. Hins vegar urðum við vör við það varðandi Fossavatnsgönguna, þar sem að 30 útlendingar hættu við að koma vegna eldgossins. Þá var gosið enn í gangi og fólk var svolítið hrætt við lokun á flugvöllum og þess háttar. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað áhrifin hafa varað lengi fram á sumarið en þeir sem taka bókanir fram í tímann segja margir að þeir hafi fundið fyrir því að það hafi borist afbókanir. Fólk sem ætlaði kannski að koma í júní og júlí var farið að afbóka strax í apríl og maí. Þetta spilar því örugglega hvort tveggja inn í, fótboltinn og eldgosið."

– Var tímabilið ekki töluvert lengra í fyrra? Og áttu von á því að svo verði nú?

„Jú, traffíkin entist lengur í fyrra en maður átti að venjast frá árunum þar á undan. Það hægðist verulega á eftir verslunarmannahelgina en svo fór þetta í gang aftur um og upp úr miðjum ágúst. Það var svipað núna. Það var mjög rólegt fyrst eftir verslunarmannahelgi en svo er alveg reytingur af fólki núna á ferðinni. Ég hef í raun og veru engar vísbendingar um það hvað þetta mun vara lengi í ár en þetta gekk ágætlega fram í september í fyrra og maður vonar bara að það verði í það minnsta jafn gott núna."

– Hvað er fólk helst að sækjast í hérna á Ísafirði?

„Hér er mest spurt um friðlandið á Hornströndum. Í raun virðist ferðafólk sækja mjög í allt sem hefur með náttúruna og útivist að gera, t.d. friðlandið, Látrabjarg og staði þar sem hægt er að komast í fuglaskoðun. Lundinn er í ótrúlegu uppáhaldi hjá útlendingum en margir verða afskaplega daprir þegar þeir koma hérna núna í lok sumars og átta sig á því að það er orðið erfitt eða nærri ómögulegt að sjá einhvers staðar lunda. Þá er einnig mikið spurt um gönguferðir, kajakferðir og margt sem tengist útivist."

– Eru þetta að mestu útlendingar?

„Já, það hefur hægst svakalega á heimsóknum Íslendinga svona undir lok sumars enda skólarnir að byrja og svoleiðis, þannig að þetta eru fyrst og fremst útlendingar sem eru að koma núna svona seint."

– Fáið þið bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð frá ferðafólki?

„Satt að segja fáum við yfirleitt bara jákvæð viðbrögð inn á okkar borð. Það er talað mikið um það hvað sé fallegt hérna og að þetta sé gott svæði að heimsækja, bæði hvað varðar náttúrufegurð og að íbúarnir séu vingjarnlegir og hjálplegir þegar eitthvað kemur upp á. Ég veit reyndar ekki hvað fólk segir annars staðar en hjá okkur en ég hef hér um bil aldrei hitt ferðafólk sem er virkilega óánægt eða fúlt með það að hafa komið hingað. Það eru yfirleitt allir mjög ánægðir."

Heimir kveðst vera bjartsýnn fyrir komandi sumri. Ekkert heimsmeistaramót í fótbolta sé á döfinni og vonandi blossar ekki upp erfitt eldgos, eins og hann orðar það.

„Það er ágætt að fá lítil ferðamannavæn gos. Ef við sleppum við stór gos og HM, þá verður þetta örugglega bara hið besta ferðasumar. Ég er byrjaður að fá póst frá fólki sem að ætlar að koma næsta sumar og er byrjað að skipuleggja sig, þannig að undirbúningur fyrir næsta sumar er kominn í gang hjá mörgum. Ég sé enga ástæðu til þess að reikna með einhverri fækkun eða þess háttar. Ég held að það sé heldur ástæða til að reikna með að það verði betra ef við sleppum bæði fótbolta og eldgos," segir Heimir Hansson.

– kristjan@bb.is

Til hamingju með Bolungarvíkurgöngin

Landsbankinn á Ísafirði óskar Bolvíkingum og Vestfirðingum öllum til hamingju með nýju Bolungarvíkurgöngin.

ÍSAFJÖRÐUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Til hamingju með göngin!

Pixel ehf. / Ljósmynd: www.photo.is

Andri Rúnar Bjarnason, Sigurgeir Sveinn Gíslason og Emil Pálsson voru að vonum sáttir með verðlaunin sín.

„Í skýjunum með sumarið“

Alfreð Jóhannsson þreytti frumraun sína í sumar sem meistaraflokksþjálfari og fórst það verk vel úr hendi.

Sigurgeir Sveinn Gíslason var kosinn besti leikmaður ársins á lokahófi BÍ/Bolungarvíkur sem haldinn var á veitingastaðnum Við Pollinn fyrir stuttu. Um 90 manns sóttu hófið þar sem góðum árangri liðsins var fagnað. Ísafjarðarbær og Bolungarvík veittu liðinu verðlaun auk þess sem liðsmönnum voru veittar ýmsar viðurkenningar. Andri Rúnar Bjarnason hlaut verðlaun fyrir að hafa skorað flest mörk á keppnistímabilinu en þess má geta að þetta er annað sumarið í röð sem hann er markahæstur. Hann var jafnframt valinn mikilvægasti maður liðsins. Þá var Emil Pálsson valinn efnilegasti leikmaðurinn.

Samúel S. Samúelsson, stjórnarmaður BÍ/Bolungarvíkur segir lokahófið hafa heppnast afar vel. „Bolvíkingurinn Kristján Jónsson var veislustjóri og hann fór hamförum í því hlutverki. Við vorum hrikalega ánægðir með hann. Svo hélt Benni Sig uppi gríðarlegu stuði með músíkinni og maturinn var algjör snilld. Þetta gekk því allt framar vonum.“

Stjórn BÍ/Bolungarvíkur vill koma á framfæri þökkum til allra stuðningsmanna liðsins. „Sérstaklega stuðningsaðilanna því þetta væri ekki hægt án þeirra hjálpar,“ segir Samúel. Hann segir BÍ/Bolungarvíkurmenn vera hæstánægða með sumarið. „Við náðum okkar markmiðum sem var að komast upp í 1. deild og nú hefst hörð vinna við að fjármagna næsta sumar og annar undirbúningur fyrir næsta tímabil.“

– thelma@bb.is

Bæjarstjórarnir í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík, Daníel Jakobsson og Elías Jónatansson, færðu liðinu peningagjöf í tilefni af góðum árangri í sumar.

Tvær erlendar skútur og ein íslensk verða með vetursetu á Ísafirði.

Hafa vetursetu á Ísafirði

Þrjár aðkomuskútur eru komnar til Ísafjarðar til vetursetu. „Það er ánægjulegt fyrir samfélagið að það sé að eflast sú vitneskja að Ísafjörður sé góður viðkomustaður bæði til þess að sigla um svæðið og eins til að hafa vetursetu," segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri hafna Ísafjarðarbæjar. Eigendurnir hafa fengið heimamenn til að sinna skútunum en eins og greint hefur verið frá settu ísfirskir skútueigendur niður legufæri á Pollinum í sumar til að rýma til fyrir gestum. Guðmundur segir að hér sé ekki um að ræða meðvitaða markaðssetningu á Ísafirði sem siglingamiðstöð. „Við höfum ekki talið rétt að fara út í markaðsátak á meðan aðstaðan er ekki fullkomin en það er í framtíðarplönum að gera hér betri aðstöðu og þegar það er orðið fast í hendi munum við snúa okkur að slíkri markaðssetningu."

Hann segir aðstandendur sjósports á Ísafirði vera mjög áhugasama um að bæta aðstöðuna. „Við erum stöðugt með það bak við eyrun og vinnum að því smátt og smátt." Tvær aðkomuskútanna sem eru nú við Ísafjarðarhöfn eru erlendar og ein er íslensk. Guðmundur segir þetta ekki vera í fyrsta sinn sem aðkomuskútur hafi vetursetu á Ísafirði þar sem hjón höfðu vetursetu í skútu sinni fyrir nokkrum árum. Í þetta sinn eru skúturnar þó mannlausar.

Frítt í strætó

Ísafjarðarbær og F&S Hópferðabílar hafa gert með sér samning um fullt gjaldfrelsi barna á grunnskólaaldri í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt samkomulaginu njóta allir grunnskólanemar bæjarins gjaldfrelsis í öllum þeim strætisvögnum sem um sveitarfélagið aka, en ekki eingöngu í og úr skóla eins og áður hefur verið. Er þetta í samræmi við málefnasamning meirihluta bæjarstjórnar þar sem fram kemur að gjaldfrjálst verði í strætó fyrir grunnskólabörn til að auðvelda þeim að vera virkir þátttakendur í félagslífi.

Samkomulagið tekur gildi föstudaginn 1. október. Rétt er að benda á að nemendur 9. og 10. bekkja þurfa að geta staðfest aldur sinn með sérstökum auðkenniskortum sem útdeilt verður í skólum bæjarins. *– thelma@bb.is*

Vestfirðingar í Landsdómi

Tveir Vestfirðingar eru í Landsdómi sem ætlað er að fara með og dæma þau mál sem Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra. Það er Jóna Valgerður Kristjánsdóttir í Reykhólahreppi, fyrrverandi alþingismaður og fyrrum sveitarstjóri Reykhólahrepps, og önfirski lögmaðurinn Hlöðver Kjartansson.

Í Landsdómi eiga sæti 15 dómendur. Hann var stofnaður fyrir 105 árum og hefur aldrei fram að þessu verið kvaddur saman að því er fram kemur á Reykhólahreppnum.

Óskar eftir afstöðu

Kristín Ósk Jónsdóttir, grunnskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar, hefur lagt fyrir bæjarráð upplýsingar um væntanlega kostnað vegna námsvistar í tónlistarskóla utan lögheimilis sveitarfélags, en eins umsókn hefur borist þar sem nemandi á framhaldsskólaaldri hyggst stunda nám við Tónlistarskóla Árnesinga.

Árlegur kostnaður vegna þessa er 311 þúsund krónur og greiðist helmingur fjárins á þessu ári.

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Þrjátíu milljóna króna lán

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti undir lok síðustu viku að taka lán hjá Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 29,7 m.kr. Lánið fer til að gera upp eftirstöðvar af skuldastýringu sem sveitarfélagið var með hjá bankanum. Að sögn Daníels Jakobssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, er einn af stærstu gjaldaliðum bæjarins eru vextir af lánum bæjarins. Samstæða sveitarfélagsins skuldaði um s.l. áramót um 4 m.a. króna í vaxtaberandi skuldir við lánastofnanir. „Eitt af þeim verkefnum sem stjórnendur sveitarfélagsins standa frammi fyrir er því að lágmarka þá upphæð sem fellur á bæinn í formi vaxta að teknu tilliti til áhættu. Sveitarfélagið hefur notið góðra kjara í lánsviðskiptum en lánin er tekin til langs tíma og kostnaðarsamt er að endurfjármagna þau eða breyta skilmálum, í hvert skipti sem betri lánskjör bjóðast á markaði," segir Daníel.

„Því hafa fyrirtæki, lífeyrissjóðir, íslenska ríkið og sveitarfélög nýtt sér s.k. skuldastýringu í formi afleiðna til að stýra skuldum sínum. Með þessum afleiðum er skilmálum skuldabréfa m.a. breytt úr föstum vöxtum í breytilega, úr íslenskum krónum í erlendar myntir o.s.frv. Ísafjarðarbær nýtti sér um árabil s.k. skuldastýringu hjá Landsbanka Íslands h.f. Á árunum 2004-2007 gengu þessi viðskipti mjög vel. Samanlagður útgreiddur hagnaður var vel á þriðja tug milljóna. Þegar að Landsbankinn fór í þrot í árslok 2008 gjaldfelldi hann alla afleiðusamninga viðskiptavina sinna. Þeir samningar sem þá stóðu opnir á Ísafjaðarbæ voru með neikvæða stöðu sem gerð er upp með umræddu láni frá bankanum."

Að sögn Daníels er tap sveitarfélagins af þessum tilteknu viðskiptum er því um 7 m.kr. „Hinsvegar bera að varast að horfa á þessi viðskipti ein og sér enda hluti af skuldastýringu alls lánasafns sveitarfélagsins sem eins og áður sagði er um 4 ma. kr. Jafnframt er rétt að taka fram að þessum viðskiptum var ávalt getið í ársreikningum bæjarins og s.k. Áhættustýringarnefnd tók ákvörðun um einstakar aðgerðir." *– thelma@bb.is*

Erlendu lánin

Stakkur skrifar

Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm um ólögmætu erlendu bílalánin og þar með hefur 40 milljarða króna skellur hitt bankana fyrir. Spurningin er hve langt ráðherra viðskiptamála gengur í þá veruna að fá sett lög um lán tekin í erlendri mynt með lágum vöxtum og gengisáhættu, sem óneitanlega fylgdi því að nota annan gjaldmiðil en þann sem efnahagskerfið á Íslandi býr við. En ávallt er gott að vera vitur eftir á. Skelfingin er sú að bæði bankar og fjármálafyrirtæki höfðu misst stjórn á því hvernig þau lánuðu. Til þess að láta lánveitingar verða örari, stærri og ábatasamari voru ráðnir inn ungir menn sem settu upp bindi, en kunnu ekki að hnýta bindishnút frekar en skil á peningamálum og hvernig standa skal að því að veita fólki og fyrirtækjum lán. Það gleymdist að til þess að útlán verði arðbær þarf að greiða lánin aftur með vöxtum.

Vatnsgreiddu drengirnir í fínu jakkafötunum sem öll voru í réttu merkjaröðinni gerðu ekki annað en það sem fyrir þá var lagt. En þeir gleymdu því að í viðskiptum er nauðsynlegt að þeir sem að þeim standa beri virðingu hver fyrir öðrum. Það hefur ekki verið kennt í öllum þeim skólum sem útskrifuðu stjórnlausa gróðapunga sem bankarnir gleyptu við, enda auðvelt að halda þeim við efnið að koma út lánum með því að borga þeim bónusa til að örva græðgina og hömluleysið. Vonandi sofa þessir ungu drengir vel. Ekki voru þeir að hugsa um að lána til atvinnustarfsemi, heldur til glórulausra kaupa á húsnæði, bílum, húsvögnum, sumarleyfum og öðrum vitlausum fríferðum og alls staðar var sýndarmennskan í fyrirrúmi. Hún var gíruð upp af taumlausum áhuga fjölmiðla og almennings sem vildi leika sama leikin og auðmenn í stundarbrjálæði leyfðu sér.

Ef hægt var að þrýsta lánum upp á venjulegt launafólk, sem trúði því sem bankar og starfsmenn þeirra sögðu, að það gæti borgað af þessum skuldum, var það gert af fullu purkunarleysi og aldrei skoðað hvort lántakendur væru borgunarmenn. Hverju átti fólk að trúa? Stjórnmálamenn lofuðu góðærið og neituðu að horfast í augu við þá staðreynd að einhvers staðar hlyti að láta undan. Svo hrundi allt í andlit almennings og þá spruttu upp alls kyns lukkuriddarar, sem heimtuðu skjól ríkisins og vildu velta byrðum sínum yfir á almenning. Stjórnmálamenn þoldu ekki álagið og greindu ekki á milli fjárglæframanna og þeirra sem hreinlega höfðu glapist af endalausum áróðri banka og stjórnmálamanna um að allt væri í fínu lagi. Ýmist var talað um að slá skjaldborg um heimilin eða beðið var eftir því að einhver annar tæki kaleikinn frá þessu óheppilega tvíeyki stjórnmálamanna og banka.

Nú hefur Hæstiréttur kveðið upp sinn dóm og þá er hægt að setja lög um lán sem í mörgum tilvikum hafa þegar gert út af við fjölskyldur, heimili og atvinnurekendur. Hver verða næstu skref. Verður það uppbygging atvinnu- og fjármálalífs eða skal rótað í fortíðinni til að finna sökudólga úr hópi stjórnmálamanna? Er þá ekki röðin komin að því að kalla stjórnendur banka til ábyrgðar?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Silfurtorgi lokað?

Óskað hefur verið eftir leyfi til að loka Silfurtorgi á Ísafirði fyrir umferð vélknúinna ökutækja sunnudaginn 10. október í tilefni af alþjóðlega umhverfisdeginum. Lokunin á að standa yfir kl. 13 og 18.

Háskólasetur Vestfjarða í samstarfi við Ísafjarðarbæ er að skipuleggja ýmsa viðburði í tengslum við daginn sem gengur undir merkinu 350 sem er skírskotun í að vísindamenn telja að örugg mörk af koltvísýringi í andrúmsloftinu eru 350 hlutar af milljón.

smáar

Til sölu er mjög fallegt antík sófasett, sófi og þrír stólar. Verð kr. 180 þús. Upplýsingar í síma 892 4364.

Lára Halla Snæfells miðill er væntanleg til Ísafjarðar 30. september. Tímapantanir í síma 863 7086.

Til sölu er barnakoja með skrifborði, stól og sex skúffum. Verð kr. 25.000. Upplýsingar í síma 456 6602.

Maðurinn hótaði lögreglumönnum lífláti.

Vopnaður kökukefli og kjöthamar

Þrítugur karlmaður hefur verið ákærður af Ríkissaksóknara fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 6. júní síðastliðinn gerst brotlegur við vopnalög með því að bera kjöthamar og kökukefli sem vopn á almannafæri. Þá er hann ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa stuttu síðar, eftir handtöku, í lögreglubifreið á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar, ítrekað hótað tveimur lögreglumönnum sem voru við skyldustörf, lífláti.

Enn fremur er maðurinn ákærður fyrir að hafa síðar um nóttina, á lögreglustöðinni á Ísafirði hótað sömu lögreglumönnum lífláti. Maðurinn játaði sök við þingfestingu málsins fyrr í vikunni. Það var dómtekið og verður dómur kveðinn upp innan fjögurra vikna frá þingfestingu.

– thelma@bb.is

Kapall fyrir útvarp og síma hefur verið settur upp í Bolungarvíkurgöngum.

Binda vonir við samráð við P&S

Ekki er í bígerð að auka framboð á sjónvarpsrásum í Hnífsdal og í Bolungarvík með tilkomu nýs útvarps- og símasambands í Bolungarvíkurgöngum. „ISAM væðing á þessum stöðum er ekki á áætlun Símans en við bindum vonir við samráð Póst- og fjarskiptastofnunar sem gæti skilað sér í miklu framfaraspori fyrir minni þéttbýliskjarna á landsbyggðinni," segir Margrét Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi Símans og Mílunnar, aðspurð hvort hægt sé auka flutningsgetuna í tengslum við kapalinn í jarðgöngunum.

Samráðið er miðað að nýrri þjónustu sem sérstaklega er sniðin að þörfum minni sveitarfélaga þar sem Míla er ein á stofnlínumarkaði. Á þeim tengistöðum sem koma til greina býður Míla upp á gagnasambönd frá næsta hnútpunkti leigutaka að búnaði sem tengist heimtaugum. Þeir staðir sem koma til greina á Vestfjörðum eru Þingeyri, Tálknafjörður, Suðureyri, Reykhólar, Flateyri, Bíldudalur, Hnífsdalur, Krossholt og Króksfjarðarnes.

– thelma@bb.is

Ferðum landpóstsins úr Ísafjarðardjúpi á Ísafjörð hefur verið fækkað úr þremur í eina. Myndin er af Hrafnabjörgum í Laugardal. Ljósm: Mats Wibe Lund.

„Eina lífæðin úr Djúpinu“

María Bjarnadóttir, sauðfjárbóndi og ráðskona að Hrafnabjörgum í Laugardal í Ísafjarðardjúpi, segir það afar óhentugt að einungis sé boðið upp á eina ferð á viku með póstbíl á milli Ísafjarðardjúps og Ísafjarðar. „Ég þurfti að fara til Reykjavíkur og valdi því miðvikudag til þess því það er eini dagurinn sem landpósturinn er. Ég er bundin póstinum og verð því að bíða allan daginn eftir flugi. Síðan þarf ég að snúa aftur á miðvikudegi og bíða á flugvellinum eftir póstinum.“

Íbúum í Djúpinu hefur boðist að sitja með póstbílnum til Ísafjarðar og er það sem kemst næst áætlunarferðum á svæðinu. Þrátt fyrir að borgað sé fyrir hverja ferð greiðir Súðavíkurhreppur, Íslandspósti þóknun fyrir að veita þjónustuna. Um síðustu áramót stóð til að leggja ferðirnar af með póstbílnum en hreppurinn samdi um að halda einni ferð á viku.

Ragna Aðalsteinsdóttir bóndi á Laugarbóli tekur undir sjónarmið Maríu. „Þetta er alveg voðalegt ástand. Pósturinn kemur þrisvar í viku um Djúpið en fer ekki á Ísafjörð nema á miðvikudögum og þá er stoppað voðalega stutt við. Ef maður ætlar t.d. til tannlæknis, læknis eða í hárgreiðslu, þá nær maður því ekki á þeim tíma og hefur þá engan verustað á Ísafirði nema hótel.“ Ragna bendir á að ekki séu allir í stakk búnir til að keyra sjálfir. „Og ef að fólk er veikt þá keyrir það ekki sjálft yfir á Ísafjörð, það gefur auga leið.“

María og Ragna segjast halda að stefnan hjá Súðavíkurhreppi sé að leggja þessar ferðir af en samningur við landpóstinn rennur út um áramót. „Þetta er eina lífæðin sem við höfum úr Djúpinu. Íbúar í Djúpinu eru komin á efri ár og þurfa á þessu að halda til að geta komist í menninguna, til læknis eða hvað sem er.“ Ragna er sammála. „Það á að leggja þetta byggðarlag í eyði og breyta því í frístundabyggð eða tófusetur eða ég veit ekki hvað.“

Greiða 1,5 milljón í umframþjónustu

Súðavíkurhreppur greiðir 1,5 milljón króna í ár fyrir aukna þjónustu við þá íbúa hreppsins sem búa í dreifbýli, fyrir utan dreifingu pósts. Hreppurinn hefur frá árinu 2006 verið með sérsamning við Íslandspóst um aukna þjónustu við framangreinda íbúa og hefur samningurinn verið endurnýjaður árlega. Núverandi samningur gildir til 31. desember nk.

Að sögn Ómars Más Jónssonar, sveitarstjóra, hefur ákvörðun um framlengingu samningsins, verið tekin við gerð fjárhagsáætlunar hvers árs, og verður endurskoðun samningsins fyrir næsta ár tekin fyrir í nóvember og desember. *– thelma@bb.is*

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Fljúgandi Jakob og kókosbollu draumur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo syndsamlega góða rétti að þessu sinni. Í aðalrétt er réttur sem kallast því skondna nafni Fljúgandi Jakob sem sameinar saltleika beikons og salthneta og sætleika banana. Chilisósa gefur þessu svo snerpu og rjóminn mildar það. Í eftirrétt er svo Kókosbollu draumur sem svíkur engan sannan sælkera.

Fljúgandi Jakob

3 kjúklingabringur
1 banani
1 flaska chilisósa
8 sneiðar beikon
2 dl salthnetur
5 dl rjómi
3 dl hrísgrjón

Steikið kjúklinginn í litlum bitum og setið hann síðan í eldfastmót. Setjið salthnetur & niðurskorinn banana yfir kjúklinginn. Steikið beikon, skerið niður og setjið yfir bananana. Þeytið rjómann og bætið chilisósunni í eftir að búið er að þeyta rjómann og hellið yfir kjúklinginn í eldfasta mótið.

Setjið eldfastamótið í heitan (220°) ofninn í ca 20 mínútur eða þangað til litur fer að komast á sósuna. Sjóðið hrísgrjónin og berið fram.

Kókosbollu draumur

Marens:

4-5 eggjahvítur
180 grömm sykur

Fylling:

¾ lítri rjómi, þeyttur
6 kókosbollur
6 kíví
½ kíló jarðaber

Skraut:

Ávextir
Súkkulaði

Þeytið saman egg og sykur þar til allur sykurinn er uppleystur og kremið orðið þykkt og bakið við 130 gráður í 90 mínútur. Skerið niður kíví og jarðaber í hæfilega stóra bita.

Stífþeytið rjómann og setjið á annan botninn, merjið kókosbollur og tyllið ofan á rjómann ásamt ávöxtunum. Setjið hinn botninn yfir. Ofan á tertuna er síðan sett brætt súkkulaði, rauð, blá og græn vínber, kíví jarðaber eða annað skraut sem hentar.

Ég skora á sr. Fjölnir Ásbjörnsson sóknarprest í Holti til að vera næsti sælkeri vikunnar.

Sælkeri vikunnar er Valtýr Gíslason á Ísafirði.

Sælkerinn

Úlfur Gunnarsson læknir við mynd af afa sínum og nafna.

Úlfur læknir til starfa á Ísafirði

Úlfur Gunnarsson læknir hefur hafið störf hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Nafn hans vekur upp ýmsar minningar hjá mörgum Ísfirðingum. Þó er ekki verið að tala um hinn margrómaða lækni sem stundaði læknisstörf um árabil á Ísafirði á síðustu öld, heldur barnabarn hans, son Gunnars Martins Úlfssonar og Kolbrúnar Sverrisdóttur Sörensen. Aðspurður segir Úlfur það leggjast vel í sig að vera kominn á slóðir afa síns.

„Ég var hérna stundum sem krakki að leika mér í sumarbústaðnum á sumrin og fór á skíði um páskana.“ Úlfur stefnir að því að dvelja á Ísafirði í árstíma. Hann segist hafa fengið þó nokkra athygli, a.m.k. innan heilsugeirans á Ísafirði, fyrir að feta í fótspor afa síns. „Fólk virðist þekkja svipinn á mér úti á götu. Ætli það hafi ekki haft eitthvað að gera með að maður lagði þetta starf fyrir sig að afi var líka læknir,“ segir Úlfur.

Nemendum fjölgar

Nemendum við Háskólasetur Vestfjarða hefur fjölgað mikið frá síðasta starfsári. Í haf- og strandveiðastjórnun stunda 43 einstaklingar nám, þar af 25 nýnemar auk fjarnema.

Tólf einstaklingar eru að hefja fjarnám í sálfræði, sem nú er í boði í fyrsta sinn á Ísafirði. Þá er einnig boðið í fyrsta sinn upp á fjarnám í verkfræði. Fjölmargir aðrir nýta sér aðstöðuna í Háskólasetrinu, bæði nýir nemendur sem og eldri.

PÓLLINN HF.

Nærðu ekki nokkurri átt?

Flott leiðsögukerfi í Nokia símann þinn!

Ovi Maps er fullkomið leiðsögukerfi fyrir Nokia síma. Ítarlegt kort af Íslandi, erlend kort, vegvísir, upplýsingar um áhugaverða staði, s.s. söfn, veitingastaði, hótel o.fl. Notaðu Nokia símann þinn til að komast á leiðarenda.

Kynntu þér málið hjá Pólnum, umboðsaðila Vodafone á Ísafirði.

Nokia 5230

Staðgreitt:
29.990 kr.

Nokia E52

Staðgreitt:
49.990 kr.

Nákvæmar upplýsingar og leiðbeiningar um uppsetningu finnur þú á ovimaps.is

Power to you

vodafone.is

oviMaps.is